ZB

STUDIA ISLANDICA
ÍSLENZK FRÆÐI
ÚTGEFANDI: SIGURÐUR NORDAL
7

SIGURÐUR NORDAL

HRAFNKATLA

[Hrafnkels saga Freysgoða]

MIT EINEM AUSZUG AUF DEUTSCH



ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F. - REYKJAVÍK
EJNAR MUNKSGAARD - KAUPMANNAHÖFN

83200720 / 75d 232242

GEFIÐ ÚT MEÐ STYRK FRÁ FORLAGSBOGHANDLER
DR. PHIL. EJNAR MUNKSGAARDS STIFTELSE



178727

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F. 1940

I. VIÐFANGSEFNIÐ.

Þessi litla ritgerð á sér sína sögu. Og eg þykist bezt geta skýrt tilgang hennar með því að gera grein fyrir, hvernig hún er orðin til og hvers vegna eg læt hana nú frá mér fara.

Þó að eg hefði lesið Hrafnkötlu,[1]) eins og aðrar Íslendinga sögur, þegar í æsku og haft gaman af henni, las eg hana ekki fyrr en á fullorðinsárum með þeim skilningi, að eg sæi, hvílíkt afburða-listaverk hún er. Eg gekk þess þá vitanlega ekki dulinn, að sagan hlyti að eiga höfundinum síðustu steypu sína og fágun að þakka. En eg var þá ekkert farinn að fást við sjálfstæðar athuganir Íslendinga sagna og gerði mér enga rellu út af því, hvernig hún kynni að hafa myndazt. Mér var nóg að brjóta hana til mergjar út af fyrir sig og reyna að vekja athygli á gildi hennar, einkum erlendis, þar sem henni hafði verið gefinn minni gaumur en hún átti skilið. Meðal annars las eg hana haustið 1925 með úrvalsflokki norskra menntamanna í Osló og stuðlaði að því, að hún væri birt í hentugri útgáfu fyrir útlenda háskóla-stúdenta.[2])

---

1) Eg leyfi mér að nota þessa styttingu söguheitisins til hægðarauka, líkt og vér segjum Egla, Njála, Grettla og Glúma. Til samanburðar má nefna, að tvö handrit, sem Þorkell Jónsson lögréttumaður að Hrauni í Grindavík hefur skrifað, hafa verið nefnd Þorkatla hin meiri og hin minni (ÍB. 633—34, 8vo). Svipuð stytting á heiti árinnar í Hrafnkelsdal tíðkast eystra: Hrafnkela fyrir Hrafnkelsdalsá, en sú nafnmynd er of ungleg til þess að hæfa sögunni.

2) Sjá Hrafnkels saga Freysgoða. Edited by Frank Stanton Cawley. Cambridge, Mass. 1932. Preface, VIII.

Allt frá því að P. E. Müller ritaði fyrstur manna um söguna í Sagabibliothek I (1817) og Konráð Gíslason í formála fyrstu útgáfunnar (1839), hefur mönnum komið saman um, að hún væri ein hin áreiðanlegasta af Íslendinga sögum. Guðbrandur Vigfússon, Finnur Jónsson og Bogi Th. Melsteð hafa metið hana meir en Landnámu, þar sem á milli ber. F. Stanton Cawley tekur ekki of djúpt í árinni, þegar hann segir svo í formála útgáfu sinnar: „Hrafnkels saga is generally acknowledged to be one of the best of the whole group in faithfulness to historical fact" o. s. frv. Samkvæmt þessari skoðun var það ekki nema eðlileg ályktun, að sagan væri snemma rituð og reist á fornum og traustum sögusögnum, sem hefði verið lítið eða ekki breytt af söguritaranum. Heusler telur hana ásamt Glúmu og Heiðarvíga sögu meðal „mutmasslich frühe Redaktionen", sem sýni, „dass der Sagastil den grössern Teil seines Weges hinter sich hatte, als die Federn in Bewegung kamen". Og hann gerir ráð fyrir, að hún hafi verið sögð víðar en í grennd við sögustöðvarnar: „Wir brauchen nicht zu glauben, das ergreifende Schicksal des Goden Hrafnkel, sein Sturz und seine Wiederaufrichtung, sei rund 250 Jahre lang nur den Leuten im Jökulsdal und Fljótsdal bekannt und teuer gewesen".[1]) Liestöl viðurkennir að vísu, að sagan beri nokkur merki ritarans (t. d., hve gaman hann hafi af örnefnum og staðfræði), en hann telur hana samt í samanburði við Njálu, Laxdælu og Eglu til „dei ... meir „upersonlege" sogone".[2]) E. V. Gordon segir: „sagas such as Hrafnkels saga and Bandamanna saga were probably complete unities before they were written down, and they cannot have been much altered as

1) Anfänge der isl. Saga, 61, 84.
2) Upphavet til den isl. ættesaga, 121, 36.

stories by the men who first put them into writing".[1]) Paasche tekur það reyndar fram, að sagan geti ekki verið óbreytt frá því sem hún hafi verið sögð á 10. öld, listin hafi gengið nokkuð á hlut sagnfræðinnar, en segir um leið: „Fremstillingens overlegne kunst behöver ikke at skyldes skriveren; teksten bærer ikke mange tydelige merker efter ham".[2]) Fleiri vitnisburði um skoðanir manna á sannindum og uppruna sögunnar þykir mér þarflaust að telja.

Nú virðist það svo um Hrafnkötlu, að ekki sé auðgengt að því að rengja hana. Fátt er um heimildir til beins samanburðar. Atburðunum er lýst með bersýni og ýkjulaust. Þar eru engar tröllasögur, draugasögur né fyrirburðir, ekkert skrum um afrek Íslendinga erlendis, engin greinileg áhrif frá útlendum bókmenntum og ekki heldur frá öðrum Íslendinga sögum. Hvergi er látinn í ljós efi um, með hverjum hætti atburðirnir hafi gerzt, allt er heillegt, fellt saman, rökrétt og eðlilegt. Grunsemdir gilda lítið gagnvart svona verki, því að hvar gengur hnífur rannsóknanna í það?

En einu sinni fyrir 12—13 árum fór eg að hugsa um, hvort ekki myndi vera hægt að gera sér nánari grein fyrir veldi þeirra Þjóstarssona með því að athuga aðrar heimildir um menn og ættir á Vestfjörðum.

---

1) Philological Society's Transactions 1931—32, 61. — Eftir að þessari ritgerð var lokið, barst mér í hendur grein, sem E. V. Gordon hefur látið eftir sig í handriti og nú hefur verið prentuð í Medium Ævum, Vol. VIII, 1939. Sumt í þeirri grein fer í mjög svipaða átt og hér er haldið fram, en þó yfirleitt það skemmra, að eg hef ekki séð ástæðu til þess að vitna til hennar eða breyta neinu í ritgerð minni hennar vegna. — Það er auðsætt, að skoðanir E. V. Gordons á myndun Íslendinga sagna hafa breytzt mjög frá 1932 til 1938, er þessi lærði og skarpskyggni ungi fræðimaður lézt fyrir örlög fram, til óbætanlegs tjóns fyrir íslenzk fræði í Bretlandi.

2) Norges og Islands litteratur, 330—31.

Niðurstaðan varð sú, sem sagt er frá hér á eftir. Nú komst eg að raun um, að Hrafnkatla var ekki einungis skemmtileg saga, heldur líka heillandi rannsóknarefni. Eg þóttist hafa náð í þráðarenda, og smám saman raknaði sagan sundur fyrir mér, ekki aðeins hið sögulega efni, heldur líka, hvernig hún myndi vera orðin til. Síðan hef eg aldrei hætt að hafa hana í huga, hef flutt um hana fyrirlestra bæði heima og erlendis, þaullesið hana með nemöndum mínum og talað um hana við fjölda af starfsbræðrum mínum. Fyrir marga þeirra er því hér ekki um nýjung að ræða, og þessi rannsókn mín, sem í öllum aðalatriðum er lokið fyrir mörgum árum, hefur legið í salti, eins og ýmsar aðrar athuganir um Íslendinga sögur.

Það er af sérstakri ástæðu, sem eg hef nú ráðizt í að hreinskrifa þessa ritgerð og koma henni fyrir almennings sjónir. Eg hef nýlega lokið við dálítið yfirlit um hina fornu íslenzku sagnaritun, sem mun birtast í ritsafninu Nordisk kultur. Í þessu yfirliti hef eg neyðzt til þess að halda fram þeim skoðunum um eðli og uppruna sagnanna, sem eg tel réttar, þó að rúmið hafi ekki leyft að rökstyðja þær nema að litlu leyti og þær geti því oft litið út fyrir að vera staðlitlar fullyrðingar. Þessar skoðanir koma ekki einungis í bága við trú flestra fyrri tíma fræðimanna og almennings á Íslandi á sannindi sagnanna, heldur líka við það álit, sem almennt er nú ríkjandi meðal erlendra fræðimanna um traustleik hinna munnlegu sögusagna og meðferð söguritaranna á efninu. Það má búast við, að þeim verði ekki tekið með þögn og þolinmæði. En það er gagnslaust að karpa um jafnflókið rannsóknarefni með almennum hugleiðingum og dæmum gripnum af handa hófi héðan og handan. Allar bollaleggingar um Íslendinga sögur yfirleitt hljóta að svífa í lausu lofti, þangað til þær sögur, sem unnt er að lesa sæmilega niður í kjölinn, hafa verið

krufðar hver út af fyrir sig. Ein af þeim sögum, sem eg tel unnt að komast að sæmilega öruggri niðurstöðu um í þeim atriðum, sem hér skipta mestu máli, er einmitt Hrafnkatla. Því vil eg ekki draga lengur að birta þessar athuganir.

Fyrst tek eg þá til meðferðar sannindi sögunnar, að því leyti sem unnt er að ræða þau með rökum. Þann kafla hef eg gert mér far um að hafa nokkuð rækilegan, því að hann er undirstaða alls, sem á eftir fer. Aðaláherzlan er lögð á samanburð Hrafnkötlu við aðrar fornar heimildir, en nokkuð er líka vikið að þeim sönnunargögnum, sem seinni tíma menn hafa beitt til þess að staðfesta trúnað sinn á efni sögunnar. Drepið er á einstöku atriði, sem eru miður trúleg út af fyrir sig. Það er rétt að benda hér undir eins á tvö sjónarmið, sem lesendur eru beðnir að hafa í huga við lestur II. kaflans:

1) Þegar eg tek til samanburðar við Hrafnkötlu aðrar heimildir, svo sem Landnámu, Egils sögu, Eyrbyggju o. fl., þá hef eg það eitt í huga, hvort þeim muni um þau atriði, sem til greina koma, vera betur eða verr trúandi en henni. Þó að eg yfirleitt taki þær fram yfir hana, þar sem höfundar þeirra bersýnilega höfðu betri skilyrði til þess að vera sannfróðir, á eg eingöngu við hlutfallslegt heimildagildi. Með því fullyrði eg ekkert um, að þessar heimildir fari heldur með örugg söguleg sannindi.

2) Þeim mönnum, sem annt er um traustið á íslenzkar arfsagnir, vil eg benda á, að þetta traust eflist ekki við að taka sögu eins og Hrafnkötlu fram yfir Landnámu, svo sem gert hefur verið. Í því kemur fram furðuleg skammsýni. Það er líkast því sem fornfræðingunum hafi oft verið svo ríkt í huga að trúa hverri einstakri sögu, sem þeir voru að fást við í það og það skiptið, að þeir hafi ekki íhugað víðtækari afleiðingar þess. Það eru gildar ástæður til þess að álíta,

að meginstofn Landnámu sé ritaður snemma á 12. öld, efninu hafi þá verið safnað frá beztu heimildarmönnum, sem kostur var á, og höfundar hennar hafi gert sér allt far um að herma það eitt, sem þeir töldu sannast og réttast.[1]) Hitt er annað mál, að jafnvel á þessum tíma og með þessari aðferð var ekki nærri alls staðar unnt að fara með nákvæmlega örugg sannindi. Margt hafði skolazt svo til í minni manna á tímabilinu frá landnámsöld til upphafs ritaldar, að gögn brast til þess að leiðrétta það. En það má fyrr rota en dauðrota. Þó að vér gerum oss ljóst, að Landnáma sé ekki eins áreiðanleg og ef hún væri góð samtímaheimild, þá megum vér ekki fórna traustinu á hana fyrir trú á Íslendinga sögur, sem ritaðar eru allt að 180 árum síðar og að minnsta kosti ekki eingöngu í fræðimannlegum anda, heldur líka til skemmtunar. Með því er kippt grundvellinum undan öllu skynsamlegu mati hins forna fróðleiks, hið visna tré látið standa, en hinu græna í eld kastað.

Þó að rannsókn hins sögulega efnis sé skipað hér fyrstri, er hún ekki aðalatriðið. Eg er ekki sagnfræðingur, og það skiptir litlu máli fyrir landssöguna, hvort Hrafnkatla er nýtileg heimild eða ekki. Að vísu hefur ýmislegt um forna menningu og siði verið til hennar sótt, og það ætti framvegis að gera með meiri varúð.[2]) En athuganirnar um efni sögunnar

1) Um aldur og myndun hinnar elztu Landnámabókar vil eg einkanlega vísa til tveggja ritgerða. Önnur er eftir Björn M. Ólsen: Ari Þorgilsson hinn fróði, í Tímariti Bókmenntafélagsins 1889. Röksemdum þeim, sem þar eru færðar fyrir því, að Ari sé höfundur Landnámu, hefur aldrei verið hrundið. Finnur Jónsson og ýmsir aðrir hafa blátt áfram þverskallazt við að trúa þeim eða ræða þær. — Hin ritgerðin er eftir Barða Guðmundsson: Uppruni Landnámabókar, í Skírni 1938. Barði kemst þar eftir öðrum leiðum að svipaðri niðurstöðu og B. M. Ó. og bætir enn við nýjum rökum, sem eru þung á metunum.

2) Aðeins eitt dæmi skal nefnt. Í hinu ágæta riti sínu, Ætte-

stefna að öðru marki. Ef Hrafnkatla, sem getur ekki verið rituð fyrr en 300—350 árum eftir að atburðirnir gerast, væri áreiðanleg í öllum aðalatriðum, þá hlyti hún að hafa geymzt allan þennan tíma í nokkurn veginn föstu formi í arfsögnum. Hún er svo stutt og samfelld, að hún hafði betri skilyrði til þess en nokkur önnur Íslendinga saga, sem eg kann að nefna. Hún hefur engar vísur við að styðjast, svo að hún væri þá sérstaklega glöggt dæmi þess, að arfsögn í sundurlausu máli einungis hefði haldizt vel og lengi. Og ef hún væri rituð að mestu leyti eins og hún hefur verið sögð, þá er hún svo ágætt listaverk, að fyrir því væri lítil takmörk, hverjar hugmyndir vér mættum gera oss um þroska hinnar munnlegu sagnalistar. Því kemur næst til greina að athuga, hvort sagan ber þess nokkur óræk merki að vera skráð eftir munnmælum. Hefur hún myndazt smátt og smátt í þjóðsögnum, eða hefur einn maður samið hana?

Til þess að geta svarað þessari spurningu skynsamlega, er nauðsynlegt að gera nokkura grein fyrir þeim listartökum, sem beitt er í meðferð efnisins. Líkist hún alþýðlegri frásagnarlist, eða er hún af því tagi, að eðlilegra sé að eigna hana einum höfundi, sem var í senn mikið skáld og hámenntaður maður?

Þá skal þess að lokum getið, að ýmsum atriðum,

---

gård og helligdom, vitnar Magnus Olsen í söguna: „Hrafnkell Freysgode bodde først på Aðalból, men denne gård måtte han forlate, og han nedsatte sig i en annen bygd, på Hrafnkelsstaðir". Þetta dæmi verður lítils virði, ef Hrafnkell hefur hvorki búið á Aðalbóli né Hrafnkelsstöðum. En með því er vitanlega ekki sagt, að niðurstaðan um aldur bæjarnafnanna, sem enda á staðir, haggist, þó að þessa eina dæmis missi við. — Hryllileg dæmi þess að þykjast vera að skrifa sögu (menningarsögu) fornra tíma, en grauta saman hinum misjöfnustu heimildum eftir kokkabók sagnfestukenningarinnar, má finna í Midgards Untergang, eftir Bernhard Kummer, og Den nordiska religionen och kristendomen, eftir Helge Ljungberg.

sem kynni að vera frekari athugunar verð, hef eg orðið að sleppa hér að mestu, t. d. samanburði handritanna. Sagan er ekki til nema í ungum handritum, aðeins lítið brot af henni er til á skinnblaði, sem talið er frá fyrra hluta 15. aldar. Hitt er úr pappírshandritum, sem ber talsvert á milli. En þó að sagan sé ekki betur varðveitt en þetta, mun öllum geta komið saman um, að hún beri þess engin augljós merki að hafa verið úr lagi færð eða endursamin í aðalatriðum. Og það er hæpið að telja nokkuð af því, sem öllum handritunum ber saman um, yngri viðbætur. Eg legg því söguna eins og hún er til grundvallar þessari rannsókn, hef sífellt öll handritin í huga, en geri ekki athugasemdir um leshætti nema þar sem sérstakar ástæður eru til.[1])

II. SÖGULEG SANNINDI.

Af ýmsum ástæðum virðist rétt að byrja á þeim Þjóstarssonum, Þorkeli lepp og Þorgeiri, er athuga skal, hversu sannsöguleg Hrafnkatla er um menn þá og atburði, er hún segir frá. Sagan getur með engu móti án þeirra verið. Þegar þeir koma til, eru öll ráð þrotin fyrir Sámi og Þorbirni karli. Ríki Hrafnkels og orðstír virðist vera þeim fullkomið ofurefli við að etja. Einir síns liðs fá þeir engu á orkað, og allir höfðingjar hafa svarað liðsbón þeirra á sama veg, að þeir vildi ekki hætta svo sinni virðingu að ganga í deild við Hrafnkel goða, er alla menn hafi hrakið af málaferlum þeim, er við hann hafi haft.

1) Vönduð útgáfa með orðamun er í Austfirðinga sögum, gerð af Jakob Jakobsen, Kaupmannahöfn 1902—3. Vegna þess að sagan er svo stutt, þykir óþarft að vísa um hvert atriði til bls. eða kapítula.

Þá rekast þeir af tilviljun á æfintýramanninn og ofurhugann Þorkel Þjóstarsson, nýkominn utan úr Miklagarði. Hann sér í senn aumur á þeim og langar til þess að reyna sig í nokkurum stórræðum. Hann fær Þorgeir bróður sinn til þess að ganga í málið, og með liðstyrk og harðfylgi þeirra bræðra er Hrafnkell yfirbugaður, fyrst á alþingi og síðan heima á Aðalbóli. Án þessa hefði Hrafnkatla ekki orðið nein saga, víg Einars eitt af hinum óbættu óverkum Hrafnkels, sem ekki voru í frásögur færandi. Auk þess ætti að vera meiri von til þess að ná til heimilda um þá bræður, sem óháðar væri sögunni, en um aðrar persónur hennar, þar sem þeir eru höfðingjar úr fjarlægu héraði. Hvergi reynir betur á þolrifin í hinni austfirzku arfsögn, sem ætlað er að komi fram í sögunni, en þar sem hún segir frá þessum vestfirzku stórmennum.

Sagan gerir þá grein fyrir þeim bræðrum, að þeir sé höfðingjasynir, vestfirzkir að kyni og uppruna og eigi goðorð um Þorskafjörð og víðara um Vestfjörðu; enn fremur, að þeir sé bræður Þormóðar í Görðum á Álftanesi, sem sé kvæntur Þórdísi, dóttur Þórólfs Skalla-Grímssonar frá Borg. Þetta skal nú athugað lið fyrir lið.

Landnáma getur Þormóðar Þjóstarssonar nokkurum sinnum. Faðir hans er kallaður Þjóstar á Álftanesi, en móðir hans var Iðunn Molda-Gnúpsdóttir. Frá ætt Þjóstars er ekkert sagt, en kvonfang hans bendir til þess, að hann hafi verið gildur maður, þó að hann hafi ekki verið í höfðingja tölu. Jafnvel á Álftanesi hljóta þeir samtímamenn hans, Ásbjörn Össurarson, landnámsmaður, og Egill, sonur Ásbjarnar, að hafa verið ríkari menn. Þormóður Þjóstarsson virðist hafa verið mikill fyrir sér og kippt í kyn Grindvíkinga. Hann helgaði Örn í Vælugerði með því að skjóta skot svo langt af handboga, að fall Arnar varð í örskotshelgi, og var þá nýkominn úr utanför. Kona

hans er í Landnámu nefnd Þuríður Þorleifsdóttir, Ávangssonar í Botni. Tvö af börnum þeirra eru nefnd, Jórunn, er átti Illugi rauði Hrólfsson á Innra-Hólmi á Akranesi, — og Börkur. Börkur átti Hallvöru, sonardóttur þeirra Ketils gufu og Ýrar, dóttur Geirmundar heljarskinns, — og var þeirra sonur Þórður, faðir Auðunar í Brautarholti.[1])

Af því, sem sagt er um Þormóð í Landnámu, virðist mega ráða með fullri vissu, að það sé gripið úr lausu lofti, sem sagt er í Hrafnkötlu, að ætt þeirra Þjóstarssona sé öll vestfirzk. Öll ætt og afkvæmi Þormóðar er hér syðra, líka sonarsonur Barkar, þó að Börkur væri kvæntur vestfirzkri konu.

Ekki virðist það heldur sennilegt, að Þormóður hafi getað verið kvæntur Þórdísi Þórólfsdóttur frá Borg, þar sem hvorki Egils saga né Landnáma geta þess og Landnáma auk þess nefnir konu hans, eins og áður er getið. Ef þingdeilan á að gerast nokkuru fyrir miðja 10. öld, eins og verður að gera ráð fyrir, er Þórdís (fædd um 935) þá ekki einu sinni gjafvaxta. Það má líka heita, að þetta sé eina atriðið í mannfræði Hrafnkötlu, sem allir fræðimenn hafa rengt, þó að þeir Guðbrandur Vigfússon og Finnur Jónsson tæpi á því, að Þormóður geti hafa verið fyrri maður Þórdísar.[2])

Um þá Þorkel og Þorgeir er það skemmst að segja, að þeirra er hvergi getið nema í Hrafnkötlu. Er það nokkuð kynlegt, að þeim skuli vera gert svo lágt undir höfði í Landnámu, í samanburði við Þormóð, þar sem þeir þó hlyti að hafa verið miklu ríkari menn, ef nokkuð er hæft í því, sem sagan segir. „Iðunn var dóttir Molda-Gnúps, er átti Þjóstarr á Álptanesi. Þor-

1) Um þessa ættfærslu eru heimildir ekki alveg sammála, en það skiptir hér ekki máli. Sjá Landn. (1900), 40, 167; ættartöluna aftan við Geirmundar þátt í Sturlungu; Safn III, 514.

2) Safn I, 356; Litt. hist. II, 518.

móðr var sonr þeira".[1]) Hví er þagað um goðana í Þorskafirði? Auk þess gerist talsvert af sögum á Vestfjörðum og við Breiðafjörð á 10. öld. Með því skaplyndi þeirra bræðra, sem lýst er í Hrafnkötlu, mætti ætla, að einhvers staðar örlaði á þeim í sambandi við þá viðburði, sem koma fyrir í þeim sögum. En þeir eru hvergi svo mikið sem nefndir á nafn, né heldur neinir menn, sem af þeim sé komnir. Það undur virðist hafa gerzt um þessa vestfirzku höfðingja, að minning þeirra er hvergi varðveitt nema í sögu af öðru landshorni.

En látum nú svo vera. Gerum ráð fyrir, að þeir bræður hafi gleymzt á Suðurnesjum, af því að þeir fluttu burt, en Þormóðar eins verið minnzt, sem jók þar kyn sitt, — að þeir hafi í þetta eina sinn á æfinni ráðizt í að taka þátt í deilum manna og fengið nóg af því, — að þeir hafi ef til vill orðið skammlífir, ekki átt neina afkomendur o. s. frv. Það er samt eftir ein spurning: hvernig eignuðust þeir ríki sitt í Þorskafirði?

Guðbrandur Vigfússon hefur fundið, að þessari spurningu varð að svara, og hann hefur líka reynt að gera það. Svo sem kunnugt er, nam Hallsteinn Þórólfsson Mostrarskeggs Þorskafjörð. Landnáma nefnir ekki nema einn son hans, Þorstein surt, sem staðfestist sunnan Breiðafjarðar.[2]) En Gull-Þóris saga, sem reyndar er hin lélegasta heimild, nefnir enn þrjú börn Hallsteins, Þórarin, Þuríði og Grímkel, sem var laungetinn. Hún segir, að Þórarinn hafi verið veginn, af Grímkeli fara engar sögur, en þá er Þuríður eftir. Hún verður hjálparhellan, því að Guðbrandi þykir sennilegast, að hún hafi orðið kona Þjóstars og Þorsk-

1) Landn. (1925), 375. kap.

2) Það má í þessu sambandi sleppa þeim syni Hallsteins, sem hann blótaði, að því er Gísla saga (lengri gerðin) segir og jafnvel má ráða af Landnámu.

firðinga goðorð gengið í arf til sona þeirra. Þá félli allt í ljúfa löð. Samt eru á þessu agnúar. Landnáma nefnir konu Þjóstars, svo sem áður er getið, Iðunni dóttur Molda-Gnúps. En Þjóstar hefði getað verið tvíkvæntur, þó að þess sé hvergi getið. Gull-Þóris saga, sem er eina heimild um Þuríði, segir, að hún hafi verið gift Ketilbirni Gillasyni. En Ketilbjörn var drepinn, og Þuríður hefði getað gifzt aftur. Hér má því vitanlega hlaða getgátu ofan á getgátu, en þá ætti sjálfur hornsteinninn að vera traustari en Gull-Þóris saga, a. m. k. eins og hún er í þeirri gerð, sem vér nú höfum.

Auk þess hefur Guðbrandur dregið einn son Hallsteins undan í framtalinu, Þorgils örn, sem nefndur er í Eyrbyggju og var faðir Þórðar, föður Ragnhildar, er átti Þóroddur Þorbrandsson í Álftafirði. Þó að vér vitum ekki meira um hann, er varhugavert að gera hann arflausan vegna Þuríðar úr Gull-Þóris sögu. Auk þess má ekki gleyma því, að Þorsteinn surtur er enn á lífi, þegar þingdeila Sáms og Hrafnkels á að gerast, og hann hefði getað átt goðorð í Þorskafirði, þó að hann byggi í Þórsnesi. Annars er nokkuð vafasamt um Þorskfirðinga goðorð yfirleitt, þó að Hallsteinn sé nefndur ‚goði' í Eyrbyggju. Mikil mannaforráð getur hann varla hafa haft, þar sem öðrum megin við hann voru Reyknesingar, en hinum megin Þorbjörn loki og Ketill gufa, tengdasonur Geirmundar heljarskinns. Hauksbók nefnir þá Geirmund, Úlf skjálga og Þórð Víkingsson síðasta, þ. e. a. s. vestasta, er hún telur göfugustu landnámsmenn í Vestfirðinga fjórðungi, en getur þar ekki Hallsteins. Og ekki er annað sennilegra en að hin þrjú goðorð í Þorskafjarðarþingi hafi um 940 verið í eigu þeirra Ýrarsona, Þórhalls og Odda, Atla ins rauða og Þorkels í Alviðru. Hafi Hallsteinn átt hlut í hofi með Reyknesingum, eins og Gull-Þóris saga segir, þá hefur það mannaforráð, sem því hefur fylgt, horfið óskipt til Reyknesinga, er Alþingi var

sett, því að þá hefur Hallsteinn verið dauður, en Þorsteinn surtur, hinn helzti sona hans, of fjarri til þess að halda þingmönnum norðan Breiðafjarðar. Það eitt, að Þorsteinn hverfur ekki aftur vestur í Þorskafjörð, bendir eindregið til þess, að hann hafi einskis ríkis átt að gæta á þeim slóðum.

Hvernig sem vér veltum þessu fyrir oss, verður erfitt að finna nokkura átyllu til þess að trúa því, að synir Þjóstars á Álftanesi hafi getað fengið staðfestu í Þorskafirði, þaðan af síður mannaforráð og allra sízt, að það mannaforráð hafi náð víðara um Vestfirði. Það er jafnstaðlaust eins og að þeir hafi verið höfðingjasynir og vestfirzkir að kyni og uppruna. En sé nú allt þetta rangt í Hrafnkötlu og að hinu leytinu dauðaþögn allra annara heimilda um þá bræður, Þorkel og Þorgeir, þá er erfitt að draga af því aðra ályktun en þá, að þeir hafi sennilega aldrei verið til. Það er a. m. k. víst, að höfðingjar hafa þeir hvergi getað verið, svo að allt, sem sagt er um veldi þeirra og afrek í Hrafnkötlu, hlýtur að vera tómur skáldskapur.

Eg skal geta þess til smekkbætis, að Guðbrandur Vigfússon komst líka á endanum að þeirri niðurstöðu, að þeir Þjóstarssynir hefði aldrei verið til. En í hans augum haggaði það ekki nema ósköp lítið sannindum Hrafnkötlu. Í stað hinna „þriggja nafnkunnu bræðra úr Þorskafirði", eins og hann kallar þá, setti hann bara aðra þrjá nafnkunna Vestfirðinga: Þorgrím Þorsteinsson og Þorkel og Gísla, Súrssyni. Mál Hrafnkels hafi líklega aldrei komið til alþingis, heldur til Þingmúlaþings. Þeir þrímenningar hafi verið á útleið, fengið andviðri, hrakizt inn í einhvern fjörð eystra, labbað upp á þing sér til skemmtunar og með tilstyrk skipverja sinna ráðið þar öllu.[1]) Þetta kallar

1) Origines II, 194, 488—490.

Guðbrandur „to try and get down to the rock-platform of fact".

En svo fjarri sem þessi getgáta Guðbrands virðist allri skynsemi, er sú athugun hans laukrétt, að vígsmálið eftir Einar hafi ekki átt að fara beint til alþingis, því að eins og Ari segir voru það lög, „at vígsakar skyldi sœkja á því þingi, er næst var vættvangi", þangað til landinu var skipt í fjórðunga.

Enn er eftir að geta eins atriðis. Hvers vegna er Þormóður Þjóstarsson nefndur í sögunni? Hann kemur henni ekkert við, þess er ekki einu sinni getið, að hann veiti bræðrum sínum lið. Allur liðsafli þeirra virðist vera af Vestfjörðum (vestan af landi). Hrafnkatla nefnir annars fáa menn alveg að óþörfu. Eg held, að höfundi sögunnar hafi farið hér eins og sumum fingralöngum mönnum, sem oftast nær verður það á að skilja eftir sig einhverjar minjar, sem koma upp um þá. Hann er að votta Þormóði þakklæti sitt fyrir að hafa lánað sér föðurnafn bræðranna með því að nefna hann. Að öllum líkindum hefur hann ekki vitað annað um Þormóð en það, sem stendur í Landnámu. Að vísu segir sagan, að Þormóður hafi búið í Görðum. Þess er ekki getið annars staðar, og er það eina, sem sagt er um Þjóstarssonu í Hrafnkötlu, sem verður ekki vefengt með rökum. En Garðar voru alkunnur bær á 13. öld. Því gat höfundur vel hafa bætt þessu við. Eru það mægðir Barkar Þormóðssonar við Vestfirðinga, sem gáfu honum hugmyndina að setja þá föðurbræður hans þangað vestur? Um það er gagnslaust að bollaleggja. Einhvers staðar verða vondir að vera. Hitt er alveg efalaust, að hér er ekki arfsögnin ein að verki. Úr henni hefði Þormóður, hlutverkslaus, verið týndur fyrir löngu. En hefur hún þá sagt frá öðrum Þjóstarssonum, sem ritarinn af lærdómi sínum hefur gert að bræðrum Þormóðar? Það er heldur ósennilegt, þó að ekki sé af öðru en því, að

Þjóstar á Álftanesi er eini Íslendingur, sem vér vitum að hafi borið það nafn í fornöld (Lind, Dopnamn). Enda var ekki hverjum óbreyttum mönnum fært að ráðast í það, sem Þjóstarssynir gera í Hrafnkötlu. Slíkra manna yrði að leita meðal höfðingja, og þar eru þeir ekki til.

Eftir að vér höfum nú fengið nokkurn smjörþef af meðferð sögunnar á tveimur meiri háttar aukapersónum, er rétt að víkja að sjálfri aðalpersónunni, Hrafnkeli goða. Verður þá fyrst fyrir að athuga, hvað um hann er sagt í öðrum heimildum.

Landnáma segir svo frá: „Hrafnkell hét maðr Hrafnsson; hann kom út síð landnámatíðar; hann var inn fyrsta vetr í Breiðdal, en um várit fór hann upp um fjall; hann áði í Skriðudal og sofnaði; þá dreymði hann, at maðr kom at honum ok bað hann upp standa ok fara braut sem skjótast; hann vaknaði ok fór brutt. En er hann var skammt kominn, þá hljóp ofan fjallit allt, ok varð undir gǫltr ok griðungr, er hann átti. Síðan nam Hrafnkell Hrafnkelsdal ok bjó á Steinrøðarstǫðum; hans sonr var Ásbjǫrn, faðir Helga, ok Þórir, faðir Hrafnkels goða, fǫður Sveinbjarnar". Þórðarbók rekur, eftir Melabók, ætt frá Sveinbirni til Markúss á Melum.

Hrafnkell goði er talinn með göfugustu landnámsmönnum í Austfirðingafjórðungi og með mestu höfðingjum landsins, „þá er landit hafði sex tigu vetra byggt verit".[1])

Njála segir, að um 1010 hafi búið á Hrafnkelsstöðum Hrafnkell Þórisson, Hrafnkelssonar, Hrafnssonar (raums, Runólfssonar, önnur hdrr.). Þar er

1) Það er slæmur misskilningur í útgáfum Landnámu (nafnaskránum), að hér sé átt við Hrafnkel Þórisson. Af því kann aftur að stafa sú athugasemd Finns Jónssonar í Njálu-útgáfunni í Saga-Bibliothek, að Hrafnkell Þórisson sé aðalpersóna Hrafnkötlu!

nefndur Þórir, sonur Hrafnkels yngra, en Sveinbjarnar er ekki getið. — Njála er hér athyglisverð heimild að því leyti, að hún fer ekki eftir neinni Landnámugerð, sem vér nú þekkjum.

Droplaugarsona saga segir allmikið frá þeim afkomöndum Hrafnkels. Samkvæmt henni býr Helgi Ásbjarnarson í lok 10. aldar á Oddsstöðum, upp frá Hafursá, og síðan í Mjóvanesi, en Hrafnkell Þórisson á Hafursá. Þar er nefndur á sama tíma Þorgeir bóndi á Hrafnkelsstöðum, sem virðist alls óskyldur þeim frændum.

Í Brandkrossa þætti er allt, sem sagt er um Hrafnkel, tekið eftir Landnámu. En því er bætt við, að Þórir hafi búið eftir föður sinn á Steinröðarstöðum, en Ásbjörn byggt bæinn að Lokhellum, þar sem nú heiti Hrafnkelsstaðir, og Helgi Ásbjarnarson selt búið (og jörðina) Hrafnkeli Þórissyni, en síðan fengið Oddsstaði. Samkvæmt þessu ætti Hrafnkelsstaðir að vera kenndir við Hrafnkel yngra. — Þó að Brandkrossa þáttur sé ómerk heimild, er vert að gæta þess, að höfundur hans þekkir auðsjáanlega hvorki Hrafnkötlu né neinar svipaðar sögusagnir, eða hann tekur ekki tillit til þeirra, heldur tekur Landnámu fram yfir.

Áður en eg fer út í frekara samanburð þessara heimilda við Hrafnkötlu, verð eg að drepa á tvö atriði í sögunni, þar sem hafa má Landnámu óbeinlínis til samanburðar.

Samkvæmt Hrafnkötlu er Hrafnkell sonur Hallfreðar, sem kemur út á skipi sínu í Breiðdal og staðfestist að lokum á Hallfreðarstöðum í Tungu. Tungulönd nam, að sögn Landnámu, Þórður Þórólfsson hálma. Hallfreður er því ekki sjálfstæður landnámsmaður. En sonur hans nemur land og er síðan í Landnámu talinn einn af göfugustu landnámsmönnum

fjórðungsins og einn af mestu höfðingjum landsins í lok landnámsaldar. Ekki verður því neitað, að þetta er óvenjuleg saga og ótrúleg.

Eftir að Hrafnkell hefur verið hrakinn frá Aðalbóli, kaupir hann í skuld landið að Lokhillu. Hann verður þar skjótt uppgangsmaður mikill. Þá segir sagan, að um það leyti hafi komið „sem mest skip af Nóregi til Íslands; námu menn þá sem mest land í heraðinu um Hrafnkels daga". Þetta á að gerast um miðja 10. öld, og kemur öllum saman um, að það sé lokleysa, hversu vel sem þeir annars trúa sögunni. En hvernig fór Hrafnkell þá að eignast þarna stóra þinghá á fáum árum? Þó að hann væri afburðamaður, var það aðeins hugsanlegt með því móti, að á þessum slóðum væri ekkert stórmenni fyrir til forráða. Nú segir Landnáma, að Brynjólfur inn gamli, sonur Þorgeirs Vestarssonar, næmi „Fljótsdal allan, fyrir ofan Hengiforsá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðudal allan ok svá vǫlluna út til Eyvindarár ok tók mikit af landnámi Una Garðarssonar ok byggði þar frændum sínum ok mágum". Brynjólfur átti 13 börn, að sögn Landnámu. Hann gaf Ævari bróður sínum Skriðudal allan fyrir ofan Gilsá, en Ásröði, sem átti stjúpdóttur hans og bróðurdóttur, öll lönd milli Gilsár og Eyvindarár. Til Ásröðar rakti Kolskeggur fróði ætt sína. Þetta var sterkur ættbálkur. Brynjólfur er talinn einn af göfugustu landnámsmönnum á Austurlandi, og niðjar hans virðast hafa verið goðorðsmenn hver fram af öðrum: Össur, Bersi og Hólmsteinn, sem kemur bæði við Droplaugarsona sögu og Njálu.

Ofan í mitt landnám Brynjólfs gamla hefði nú Hrafnkell átt að setjast, félaus og niðurlægður, og verða þar alls ráðandi á fáum árum. Þetta er hin mesta fjarstæða. Það er ekki meira rúm fyrir ríki

Hrafnkels í Fljótsdal en þeirra Þjóstarssona í Þorskafirði.[1])

Hitt er annað mál, að af Droplaugarsona sögu, sem áreiðanlega er eldri og reist á meiri sögusögnum en Hrafnkatla, má sjá, að tveir sonasynir Hrafnkels búa síðar á þessum slóðum, Helgi Ásbjarnarson og Hrafnkell Þórisson, eins og áður er getið. En þeir eru báðir í mægðum við ættmenn Brynjólfs gamla, Helgi á Droplaugu Bersadóttur, en Hólmsteinn Bersason Áslaugu Þórisdóttur, systur Hrafnkels. Þeir bræðrungarnir eiga goðorð saman, og gæti það vel verið erfðagoðorð þeirra, ofan af Jökuldal, sem þeir hefði aukið með þingmannastyrk úr Fljótsdal og af Héraði. Það er ekki ósennilegt, að einhver vitneskja um þessa afkomendur Hrafnkels eldra hafi gefið höfundi sögunnar hugmyndina að láta þetta mannaforráð þeirra fyrir neðan heiði stafa frá eldra tíma.

Vel má vera, að höfundur Hrafnkötlu hafi þekkt Dropl. sona sögu. Á það bendir, að hann talar um Hallsteinssonu á Víðivöllum, Sighvat og Snorra. Í Dropl. s. s. er líka talað um Hallsteinssonu á Víðivöllum, Þórð, Þorkel og Eindriða. Þegar Jakob Jakobsen í formála Austfirðinga sagna telur, að hér sé átt við sömu menn, en hitt sé óvíst, hvor sagan hafi réttari nöfn, þá gleymir hann alveg tímatalinu. Hallsteinssynir Hrafnkötlu eru fulltíða menn um miðja 10. öld, en Hallsteinssynir Dropl. s. s. eru ekki einungis enn á lífi um 1000, heldur kvænist faðir þeirra um það leyti í annað sinn. En hví ekki að berja hér í brestina, eins og vant er, og gera ráð fyrir, að Hall-

1) Landnáma getur oft um bústaðaskipti landnámsmanna, þó að þau verði ekki með svo sögulegum atvikum sem flutningur Hrafnkels að Hrafnkelsstöðum. Það er nærri óhugsandi, að heimildarmenn um landnám á þessum slóðum hafi þekkt nokkurar sagnir um það atriði. Ef þær hafa verið til, hefði þær því átt að myndast síðar en Landnáma var skrásett.

steinn í Dropl. s. s. sé sonur Sighvats eða Snorra? Móti því mælir Dropl. s. s. sjálf, því að þar er Hallsteinn á Víðivöllum kallaður: „inn breiðdælski“, og ætti því ekki að vera upprunninn í Fljótsdal. Nú er sá munur á, að í Hrafnkötlu eru Hallsteinssynir ekki annað en nöfnin tóm, óbreyttir liðsmenn Hrafnkels, en í Dropl. s. s. er víg Hallsteins á Víðivöllum, stjúpa Droplaugarsona, mjög mikilvægt atriði. Og það væri of kynleg tilviljun til þess að vera trúleg, að með h. u. b. 50 ára millibili hefði búið tveir Hallsteinar á Víðivöllum, og þó óskyldir. Hitt er miklu sennilegra, að höf. Hrafnkötlu hafi munað eftir Hallsteinssonum á Víðivöllum úr Dropl. s. s. og sett þá þarna inn til þess að vera ekki alls ófróður um nöfn á liðsmönnum Hrafnkels. En hann hefur ekki gert það í fullu athugaleysi um tímatalið, og þess vegna gefur hann þeim önnur nöfn.[1]) Hins vegar hefur hann varla haft aðra heimild um þá „Hrólfssonu á Hrólfsstöðum“ en bæjarnafnið eitt.[2]) Um aðrar persónur í Hrafnkötlu en þær, sem nú hefur verið getið, höfum vér engar aðrar heimildir til samanburðar. Sagan nefnir konu Hrafnkels, sem er ekki getið í Landnámu, Oddbjörgu Skjöldólfsdóttur úr Laxárdal. Í Landnámu eru nefndir tveir Skjöldólfar, báðir á Austurlandi, en þar er enginn Laxárdalur. Heldur verður að teljast efasamt, að þetta sé úr gömlum sögusögnum, enda kemur Oddbjörg lítt við söguna og ættmenn hennar alls ekki.

Eitt af því, sem talið hefur verið styrkja mjög sannindi Hrafnkötlu, svo að hún hefur verið tekin fram yfir sjálfa Landnámu, eru örnefnin. Höfundur

1) Af fjórum nöfnum Hrólfssona og Hallsteinssona eru þrjú hin sömu og nöfn Sturlusona: Þórður, Sighvatur, Snorri. Greip höfundur ósjálfrátt til þessara alkunnu nafna, þegar hann var að skíra þessar tilbúnu persónur? Þetta getur verið tilviljun, en kynleg er hún.

2) Um það sjá Kålund II, 235.

hefur haft gaman af örnefnum og örnefnaskýringum og kemur þeim mjög víða að. Nú er það að vísu satt, að sögur geta oft varðveitt örnefni og örnefni stutt að því, að sögur geymist. En hinu má ekki gleyma, að örnefni geta komið af stað skýringasögum, þjóðsögum eða skáldsögum, — og örnefni verið sett af handahófi eða misskilningi eftir sögum. Dæmi tilbúinna örnefnasagna eru alkunn. Í túninu í Höll[1]) í Þverárhlíð er sýnt leiði Hallar landnámskonu, — Hítardalur kemur af stað sögunni um Hít tröllkonu, Ármannsfell Ármanns sögu, Hvalfjörður og Hvalvatn sögunni um Rauðhöfða, smbr. söguna af Esju í Kjaln. s. o. s. frv. Efalaust er meira af slíkum tilbúnum skýringasögum örnefna í fornsögunum og jafnvel Landnámu en vér getum nú fest hendur á. — Sem dæmi örnefna, sem eru sett á rangan stað eftir sögum, má nefna Lögberg (Spöngina) á Þingvöllum, Dritsker við Haugsnes,[2]) Gunnarshaug við Hlíðarenda. Jafnvel eftir þjóðsögum hafa myndazt mörg örnefni, eins og t. d. Bárðarlaug á Snæfellsnesi.

Ef fyrsti kapítuli Hrafnkötlu er borinn saman við Landnámu, ber þar að vísu allmikið á milli, en þó er svo margt sameiginlegt, að söguritarinn hefði vel getað haft Landnámu fyrir sér eða hafa lesið hana. Mesti munurinn er, að Landn. segir hér frá ferðum Hrafnkels Hrafnssonar, en sagan frá Hallfreði, föður Hrafnkels. Áfangarnir eru hinir sömu. Landn. segir, að Hrafnkell hafi verið hinn fyrsta vetur í Breiðdal. Sagan segir, að Hallfreður hafi verið hinn fyrsta vetur í Breiðdal og sett þar bú saman. „Um vetrinn andaðisk útlend ambátt, er Arnþrúðr hét, ok því heitir þat síðan á Arnþrúðarstǫðum“. Það bæjarnafn er óþekkt úr öðrum heimildum, yngri og eldri. Nafn-

1) Bæjarnafnið er dregið af landslagi, sbr. *halli, hallur*.
2) Sjá ritgerð Ólafs Lárussonar, Skírnir 1935, 205. bls.

ið Arnþrúður er fátítt, en það er norrænt og ekki útlent. Hvort bærinn hefur verið nafnlaus þangað til ambáttin dó og hvort það hefur verið venja að halda nöfnum látinna ambátta á lofti með því að kenna bæi eiganda þeirra við þær, veit eg ekki. En hafi Arnþrúðarstaðir í Breiðdal nokkurn tíma verið til, þætti mér ekki ótrúlegt, að nafnskýringin a. m. k. væri skáldskapur höfundar. Næsti áfanginn er í Skriðdal. Þar er sá munur á, að Hrafnkell æir þar aðeins, en Hallfreður gerir þar bú, og er nánar tiltekið, að það hafi verið í Geitdal, sem er önnur álma Skriðdals. En í báðum heimildum segir frá því, að maður kom að H (-rafnkeli, -allfreði) í draumi og varaði hann við að dveljast þar lengur, síðan hljóp fram skriða á áningarstaðinn (bæinn), og fórust þar tvær skepnur, göltur og griðungur í Landn., göltur og hafur í Hrafnkötlu (textinn er ekki alveg öruggur, en sennilegast er, að göltur sé upprunalegri lesháttur en geit [gulgeit, gaulbert], eins og Jakobsen hyggur). Nafnið Geitdalur líkist fjölda annara örnefna, sem dregin eru af því, að skepnur hafa gengið þar, en vel má þó vera, að hér sé annað tilefni. En hitt er víst, að þó að skriður hafi fallið víðar um Skriðdal, eins og nafnið bendir til, þá hefur hin mesta og frægasta fallið í Geitdal. Í prestssögu Guðmundar góða (smbr. Konungsannál og Flateyjarannál) segir, að 1185 „hljóp skriða austr í Geitdal ok týndusk átján menn“. Sennilegt er, að það sé menjar þeirrar miklu skriðu, sem seinni tíma menn hafa sett í samband við frásöguna í Landnámu og hafi komið höfundi Hrafnkötlu til þess að ákveða nánar dvalarstað Hallfreðar og setja hafurinn í stað griðungsins.

Ef vér trúum nú betur Landn. og ættartölunni í Njálu, að Hrafnkell hafi verið Hrafnsson og ekki Hallfreðarson, þá verður skýring sögunnar á Hallfreðargötu ein af hinum uppspunnu nafnaskýr-

ingum hennar.[1]) Hvers vegna lá Hallfreðargata frá Hallfreðarstöðum upp í Hrafnkelsdal? Hvaða erindi átti einhver Hallfreður þessa leið? Það gat vel verið nafnið á götunni, sem gaf höf. þá hugmynd að láta Hrafnkel vera Hallfreðarson.

Á svipaðan hátt hygg eg, að nafn Eyvindar Bjarnasonar sé til komið. Ef það er tilbúningur, að Þjóstarssynir hafi verið til, Hrafnkell hafi verið hrakinn niður í Fljótsdal o. s. frv., þá er Eyvindur og víg hans vitanlega líka skáldskapur. Hann ber þess líka sæmilega glögg merki. Hann hefur ekki einungis verið úti í Miklagarði, alveg eins og Þorkell leppur, á þeim tíma, sem mjög er efasamt, að nokkurir Væringjar hafi verið þar, heldur hefur hann líka skósvein að sið erlendra höfðingja. En þar sem voru örnefnin Eyvindarfjöll og Eyvindardalur, fann höfundur í senn nafn á hann og staðfestingu sögu sinnar fyrir síðari kynslóðir. Eyvindardalur gengur austur úr Jökuldal, eftir honum rennur Eyvindará, og Eyvindarfjöll eru nokkuru innar en vegurinn úr Fljótsdal að Aðalbóli. Þó að einhver Eyvindur hefði nú verið drepinn þarna uppi á heiðinni, væri mikið í borið að kenna alla þessa staði við hann. Miklu sennilegra er, að nöfnin sé gefin neðan af Jökuldal, fyrst Eyvindardalur og Eyvindará, síðan fjöllin uppi á heiðinni. En þá er Eyvindartorfa. Nafnið er nú óþekkt, en hafi það nokkurn tíma verið til, hefur það, eins og fleiri nöfn, sem eg kem síðar að, verið gefið eftir sögunni. Ef til vill

1) Hallfreðargötu þekkja menn enn, og nafnið er varla tilbúið af höfundi sögunnar, þó að lýsing hans sé ónákvæm. Sjá Safn II, 454. Í þeirri ritgerð er bent á, að í 2. kap. sögunnar eigi að standa Fljótsdalsheiði f. Fljótsdalshérað i. Sama villa kemur fyrir tvisvar seinna í sögunni, þar sem sagt er frá þingreið Hrafnkels og brottrekstri frá Aðalbóli. En líklegra er, að þetta sé afbökun í handritunum en villa frá hendi höfundar.

hefur höfundur, sem vafalaust hefur verið talsvert kunnugur á þessum slóðum, séð einhverja torfu, sem vel hefði verið hent til vígis. Annars á torfan sér merkilega sögu, sem kemur ekki beint við sannindum Hrafnkötlu, en sýnir dómgreind 19. aldar manna í allri sinni dýrð. Þegar Sigurður Vigfússon ferðaðist um Austurland 1890, leitaði hann torfunnar, en fann ekki. Hann segir svo: „Þar sem af mýrinni kemur og dregur upp í fjallið, hefur verið Eyvindartorfa, sem nú er öll uppblásin og horfin, og segir mér svo Sigfús á Skjögrastöðum, greindur maður og fróður um örnefni, að faðir hans hafi séð Eyvindartorfu og haug á henni, en þá hafi torfan verið svo blásin, að ekki hafi verið eftir nema lítill kragi í kringum hauginn".[1]) Þessi torfa hefur hagað sér næsta hlálega. Hrafnkatla lýsir henni svo, að hún var „meltorfa ein, blásin mjǫk; bakkar hávir váru umhverfis". Ef torfan átti að vera nokkurt vígi fyrir fimm menn, hefur hún ekki mátt vera mjög stór um sig. Hvort lýsingin á við torfuna á 10. eða 13. öld, skiptir litlu máli. En svo stendur torfan af sér nokkurn veginn óhögguð storma og sandfok 6—8 alda, þangað til allt í einu kemur sá dyntur í hana að þurrkast út nokkuru áður en fyrsti fornfræðingurinn kemur að skoða hana. En Sigurður hefði þó a. m. k. átt að leita að beinum Eyvindar og þeirra félaga, sem í haugnum voru, því að þau hafa hlotið að liggja á torfustæðinu og ætti að vera þar enn í dag.[2])

Til hinna röngu nafnaskýringa sögunnar tel eg líka skýringuna á Hrafnkelsstaða-nafninu, úr því að alls ósennilegt er, að Hrafnkell eldri hafi nokkurn tíma

1) Árb., 1893, 37.

2) Það er í sjálfu sér ósennilegt, að Sámur hefði heygt bróður sinn á blásinni meltorfu, sem fyrirsjáanlegt var, að myndi eyðast á skömmum tíma, svo að beinin yrði ber ofan jarðar, enda þarf ekki að ráða neitt þvílíkt af orðum sögunnar.

flutzt niður í Fljótsdal. Án þess að eg hafi neina tröllatrú á Brandkrossa þætti, þykir mér sennilegra, að skýring hans sé nær sanni, að bærinn gæti verið kenndur við Hrafnkel Þórisson (sbr. Njálu).

Þá verður að víkja að bústað Hrafnkels, sem Landn. kallar Steinröðarstaði, en sagan Aðalból. Vel má vera, að Aðalból hafi verið byggður bær á 13. öld, þó að engar aðrar heimildir sé um það en Hrafnkatla.[1]) Það er a. m. k. annar bærinn í dalnum, sem byggður var upp síðar. Um Steinröðarstaði er allt ókunnugt, nema það sem Landnáma segir. Öllum fræðimönnum virðist hafa komið saman um að trúa sögunni betur. Bendir ekki undir eins nafnið Aðalból á, að þar hafi höfðingi dalsins búið? Það gerir það einmitt svo greinilega, að full ástæða var fyrir höfundinn að víkja þar frá Landnámu, einkum ef Steinröðarstaðir hafa verið komnir í eyði, en Aðalból verið í byggð á hans dögum. Hitt er drjúgum ósennilegra, að heimildarmaður Landnámu hefði farið að finna upp annað nafn í stað Aðalbóls, og það nafn, sem engri skýringu varð á komið. Ef hér væri um tvær getgátur að ræða og líkingu mætti taka af lesháttagreiningu handrita, myndi eg kalla Aðalból lectio facilior og Steinröðarstaði lectio difficilior. Steinröðarstaðir er af þeirri tegund fróðleiks, sem vekur traust með því að vera óskiljanlegt sem tilbúningur.

Til þess að átta sig betur á þessu og ýmsu öðru í sögunni verður að drepa lauslega á byggðarsögu Hrafnkelsdals. Sagan nefnir ekki bæjatölu í dalnum, en gerir þar auðsjáanlega ráð fyrir talsverðri byggð. Brandkrossa þáttur segir, að þar hafi verið nær 20 bæir, og aðrar sögusagnir 14. Þetta eru auðvitað ýkjur, líkt og um byggðina í Örnólfsdal í Hænsa-Þóris sögu. Hrafnkatla nefnir fjóra bæi í dalnum með nafni, Að-

1) Fljótsdæla tekur nafnið einungis eftir Hrafnkötlu.

alból, Hól, Leikskála og Laugarhús, en vel er trúlegt, að þeir hafi á landnámsöld verið eitthvað fleiri. Fyrir utan Landnámu, Hrafnkötlu og Brandkrossa þátt, eru engar fornar heimildir um byggð í dalnum. Sagnir eru um það, að hann hafi farið í eyði í svartadauða, en sú skýring er hér landlæg um flestar eyðibyggðir. Samkvæmt Vilchinsmáldaga á Valþjófsstaðakirkja árið 1397 „selland að Laugarhúsum", sem er einn byggilegasti staður í dalnum.[1]) Og það, sem vitað er um dalinn frá því um miðja 16. öld, sýnir, að byggð hefur verið þar lítil og stopul.[2]) Ef getum ætti að því að leiða, hvernig byggð hafi verið háttað þar í fornöld, þykir mér þetta sennilegast: Hrafnkelsdalur hef-

---

1) Jón Jóhannesson cand. mag. hefur bent mér á þennan stað (í registri Dipl. Isl. IV eru Laugarhús af misgáningi sett í Fnjóskadal). Hann hefur og skýrt fyrir mér sumt um sögustaði eystra, sem eg hef ekki sjálfur átt kost á að sjá. En annars kemur kunnugleiki söguhöfundarins á stöðvum Hrafnkötlu aðalrannsóknarefninu lítið við.

2) Dr. phil. Páll Eggert Ólason hefur látið mér eftirfarandi atriði úr sögu dalsins í té:

Hrafnkelsdalur hefur lengi verið eign kirkju á Valþjófsstöðum í Fljótsdal. Vitnisburður um það er í Dipl. Isl. XII (15. maí, 1552). [Af honum verður ekki annað ráðið en dalurinn hafi þá verið með öllu óbyggður.] Eftir honum hefur dómur gengið, 1621, sem nú er ekki til, en hans og vitnisburðarins frá 1552 er getið í visitatiu Brynjólfs biskups 1641. Jarðabókin 1696 greinir Hrafnkelsdal (í Brúarþingsókn), dýrl. 6 hundr., landskuld 60 álnir, kúgildi 1, en síðari jarðabækur ekki, og býli hefur þar ekki verið síðan með því nafni. Í fyrsta sóknamannatali frá Valþjófsstöðum árið 1783 er nefnt „Vaðbrekka í Rafnkelsdal" og „Aðalból í Rafnkelsdal", sem þá áttu kirkjusókn að Valþjófsstöðum og voru vitanlega eign kirkjunnar þar. Síðar fengu bæði þessi býli kirkjusókn að Brú. Þessir tveir bæir eru ekki nefndir í jarðabókum fyrr en 1804 (má vera, að hafi verið nýbýli samkv. nýbýlatilsk. 1776). Í kirknaskjölum Valþjófsstaða finnst virðing Aðalbóls og Vaðbrekku frá 1824. Af því skjali má ráða, að í Hrafnkelsdal hafi verið eyðibýli, nefnt Þórisstaðir [sbr. Árb. Fornl.fél. 1893, 37—38].

ur verið numinn af manni, sem var nýkominn frá Noregi og dæmdi landið eftir því, sem það leit út að sumarlagi, í blóma sínum. Þess eru ýmis dæmi, að lönd, sem landnámsmönnum þóttu byggileg, brugðust skjótt vonum manna og eyddust, t. d. Langavatnsdalur, Geitland, Þórsmörk. Þegar á reyndi, hefur Hrafnkelsdalur þótt harðindasveit, eins og saga hans á síðari öldum sýnir. Hann er h. u. b. 1000 fet yfir sjávarmál, vetrarríki hlýtur þar að vera mikið, beitilönd hafa fljótt gengið úr sér við ágang búfjár og skógarhögg og landið farið að blása upp. Það má meira að segja kalla ósennilegra, að Hrafnkell hefði numið dalinn eftir nokkurra vetra dvöl á Íslandi, eins og Hrafnkatla gerir ráð fyrir, en ef hann hefði aðeins setið þar einn vetur áður, eins og Landnáma segir.

Það má telja nokkurn veginn augljóst, að byggðin í dalnum hefur verið farin að ganga mjög saman í lok 10. aldar. Það sést bezt á því, að báðir sonarsynir Hrafnkels hafa þá fengið sér staðfestur fyrir neðan heiði. Meira og minna öruggar sagnir eru um harðindi mikil á Íslandi um 975 (óaldarvetur hinn fyrri), og væri líklegt, að Hrafnkelsdalur hefði aldrei rétt við eftir þau. Og nóg var af harðindum á 11. og 12. öld til þess að ganga nærri þessari fjallabyggð, m. a. eldgosið í Tröllladyngjum 1151. Ef Hrafnkelsdalur hefði alveg verið kominn í eyði, þegar sagan var rituð, væri það bæði skiljanlegra, að höfundur hefði aldrei átt þar leið um og verið djarfari í því að nefna þar staði og lýsa þeim eftir eigin ágizkunum.

Ef vér hverfum þá aftur að því, sem áður var sagt, að Landnámu (fróðustu mönnum á 12. öld) sé betur trúandi en Hrafnkötlu um nafnið á bæ Hrafnkels goða, þá er samt eftir að athuga sambandið milli Steinröðarstaða og Aðalbóls. Það kemur flestum saman um, að á Aðalbóli sé eitt álitlegasta bæjarstæði í

dalnum, þó að Sigurði Vigfússyni litist enn betur á sig þar sem hann hugði Laugarhús hafa verið. Sigurður Vigfússon trúði því fyrir fram, að Hrafnkell hefði búið á Aðalbóli, fann þar tóftir eftir útibúr hans og skála, leitaði jafnvel uppi haug hans, gróf hann upp og flutti beinin til Reykjavíkur.[1])

---

1) Matthías Þórðarson þjóðminjavörður hefur sýnt mér þá vinsemd að gefa mér skýrslu um þessi bein, og fer hún hér á eftir. Getur hver, sem vill, ráðið af henni, hver líkindi muni vera til, að Sigurður hafi hitt á „haug Hrafnkels". En þessi eru ummæli Matthíasar Þórðarsonar (í bréfi til mín):

„Samkvæmt tilmælum þínum hef eg athugað á ný bein þau, sem Sigurður Vigfússon gróf upp 11. júlí 1890 úr „haug, sem var um 80 faðma út frá Aðalbóli í Hrafnkelsdal". Þau eru nú með tölumerkinu 3466 og 3467. Um 20 örfúnir viðarbútar, sem hann fann með beinunum, eru með tölumerkinu 3468. Hann telur þetta komið til safnsins 4. sept. s. á., lýsir því ekki í dagbók safnsins, en vitnar í dagbók sína frá rannsókninni, og er hana að finna prentaða á bls. 39—42 í Árbók Fornleifafélagsins 1893. Hann lætur þess þó getið í dagbók safnsins, að beinin nr. 3466 sé „Hrafnkels Freysgoða". — Mér virðist stærð þessara beina, nr. 3466, helzt benda til, að þau sé úr kvenmanni. Þau eru ekki lengri en svo, að maðurinn, sem þau eru úr, hefur verið um 166 cm. að hæð, þau eru öll fremur grönn, höfuðkúpan fremur lítil og framtennur fremur smáar, þær, sem nú eru með beinunum. Tennurnar virðast benda til, að þessi maður hafi verið um fimmtugt, er hann dó. — Hin beinin, nr. 3467, eru öllu gildari og kunna að vera úr karlmanni, en mjög hefur hann verið lágur vexti, og það, sem enn er til af kjálkunum, bendir til, að hann hafi dáið fjörgamall. — Af skýrslu Sigurðar Vigfússonar má sjá, að honum hafa virzt viðarleifar þær, sem hann fann með beinunum, „sem sviðnar í eldi að utan", og hann áleit, að „brenndum viði hefði verið dreift ofan á líkin". Þeir viðarbútar, sem nú eru nr. 3468, bera engin merki þess, að þeir hafi verið sviðnir eða brenndir, og stafar svarti liturinn, sem enn er á þeim sumum, ekki af bruna, enda er hann venjulegur á við, sem hefur verið mjög lengi í jörðu. — Sigurður Vigfússon fann enga gripi með þessum beinum, sem bent gæti á, frá hvaða tíma þau sé, né hvort þau eru heldur úr karli eða konu, en lega beinanna nr. 3466 í moldinni, að þau lágu frá norðri til suðurs, bendir til, að þau muni vera frá heiðni. Sigurður kveðst hafa fundið „ryðmold og

Eitt varð þó Sigurði að angri. Fyrir neðan bæinn á Aðalbóli, þar sem Freyfaxahamar átti að vera og hylur djúpur fyrir neðan, eru sléttar grundir. En gamli maðurinn dó ekki ráðalaus. Það eru varla margir dalir á Íslandi, þar sem má ekki finna einhvern klett, ef vel er leitað. Og Sigurður fann Faxahamar, „sem heitir svo enn í dag", að vísu 5—6 kílómetra inn frá Aðalbóli og í gili, sem engin á rennur eftir. En það bætti upp þessa smágalla, að skammt fyrir neðan hamarinn fann hann gamla beitarhúsatóft,[1]) sem auðvitað var goðahús Hrafnkels. Nú lá allt ljóst fyrir. Sögutextinn var þarna brenglaður í handritunum, en höfundurinn saklaus af öllum villum og sannindum sögunnar borgið.

Lýsing sögunnar á Hrossageilum bendir til þess, að höfundurinn hafi hugsað sér Aðalból þar sem það er nú, séð afstöðu bæjarins og geilarnar af heiðinni (sbr. síðar), en ekki komið að bænum og því leyft sér að gizka á um hamarinn, sem enginn var til. Hér er nú

---

græna mold" með beinunum; þetta virðist benda til, að einhverjir munir úr járni og eir eða bronzi hafi verið lagðir með mönnum þeim, sem beinin eru úr, og er það þá enn bending um, að þeir hafi verið grafnir í heiðni. — Sigurður áleit, að „haugnum", sem hann fann þessi bein í, hefði „eitthvað verið raskað síðar", þ. e. löngu eftir að mennirnir voru grafnir, og er það ekki ólíklegt, enda segir hann, að beinin nr. 3467 hafi verið „á sundrungu". Hin beinin, nr. 3466, sem mér virðast helzt munu vera úr konu, virðast hafa legið reglulega í moldinni, og bendir það til, að ekki hafi verið hróflað við þeim eða tekin nein vopn frá þeim. — Hið einkennilegasta við þennan beinafund hjá Aðalbóli eru viðarleifarnar, sem við hann eru tengdar; segir Sigurður Vigfússon, að þær hafi „verið lagðar ofan á líkin", er þau voru grafin. Þess konar umbúnaður hefur ekki fundizt í öðrum gröfum eða dysjum, en þó verður naumast dregin sú ályktun af því, að þessi dys, sem hér er um að ræða, muni vera miklu yngri eða frá kristnum tímum, enda var Hrafnkelsdalur numinn og byggður „síð landnámatíðar"."

1) Svo segir Jón Jóhannesson mér, sem skoðað hefur tóftina.

tvennt til. Annaðhvort hefur Aðalból verið til, byggt eða óbyggt, á 13. öld, eins og áður var gert ráð fyrir (og þá ef til vill í hinu gamla Steinröðarstaðalandi), á sama stað og nú, og höfundurinn kosið Hrafnkeli bústað þar, — eða höfundurinn hefur sjálfur valið bæ Hrafnkels þetta nafn, í stað Steinröðarstaða, og það síðan verið tekið eftir sögunni, þegar býlið, sem nú heitir svo, var byggt þar seint á 18. öld. Þetta verður að standa óútkljáð, nema ókunnar heimildir komi í leitirnar.

Annars skal eg ekki fara lengra út í staðfræðina í Hrafnkötlu, bæði vegna þess, að eg vil heldur láta kunnuga menn fjalla um það mál, og af því, að það kemur sannindum sögunnar nauðalítið við. Ef skáld hugsar sér, að saga gerist á vissum slóðum, er honum vorkunnarlaust að lýsa því rétt, sem hann hefur séð og skoðað. Og jafnvel þó að höfundar fornsagna þekkti ekki staðhætti af eigin sjón, var þeim ólíkt auðveldara að spyrjast fyrir um það, sem stóð óbreytt, en verða sannfróðir um löngu liðna atburði. Kunnugleiki um staði getur aldrei staðfest sannindi frásagnar. En hirðuleysi um réttar lýsingar staða, jafnvel á næstu grösum við heimkynni höfundanna, getur stundum bent til þess, hversu nákvæmni lá þeim í léttu rúmi.

Yfirleitt hafa menn blandað staðalýsingum og sannindum allt of mikið saman. Og hin bókvísa íslenzka alþýða, sem hefur skírt fjölda af stöðum upp eftir sögunum á síðari öldum, hefur ekki gert fræðimönnunum auðveldara fyrir að átta sig. Um örnefnin í Hrafnkelsdal má geta nærri, hver skilyrði þau höfðu til þess að haldast óbreytt og án áhrifa frá sögunni allar þær aldir, sem dalurinn var að mestu eða öllu óbyggður.[1])

1) Eitt handrit sögunnar, sem Jakobsen kallar D, er um sum atriði nákvæmara í staðalýsingum, og ber það vott um, að ein-

Eitt af því, sem Hrafnkels saga er ein til frásagnar um og talsvert veltur á í sögunni, er Freysgoðanafnið. Það er talsvert grunsamlegt, að hvorki Landnáma né Njála skuli nefna Hrafnkel svo. Fyrir utan hann bera tveir höfðingjar í sögunum þetta viðurnefni. Annar er Þorgrímur Þorsteinsson, sem aðeins er nefndur svo á einum stað í yngri gerð Gísla sögu, þó að hin gerðin geti líka um Freysdýrkun hans. Hinn er Þórður Össurarson, sem mjög víða er svo nefndur og afkomendur hans Freysgyðlingar. Að tali fróðustu manna er ekki vitað nema um þrjú örnefni á Íslandi, er samsett sé með nafni Freys: Freysnes í Öræfum og Freyshóla og Freysnes við Lagarfljót. Nú eru Freyshólar hjáleiga frá Hafursá, þar sem Hrafnkell Þórisson er sagður hafa búið, en Freysnes skammt þaðan og frá Mjóvanesi, bústað Helga Ásbjarnarsonar. Þetta gæti bent til Freysdýrkunar hjá þeim niðjum Hrafnkels[1]) og er þá athyglisvert. En hvað af því verður ráðið, veltur nokkuð á, hve gömul þessi nöfn eru og hvenær ættmenn Hrafnkels hafa flutzt á þessar slóðir. Eitt er þó víst. Ef Freysdýrkun hefur haldizt ríkt við í ætt Hrafnkels fram að kristnitöku, þá er allt það, sem í sögunni segir um, að Hrafnkell hafi hlotið alla ógæfu sína af Freyfaxa, hætt að blóta og trúa á goð o. s. frv., tómur tilbúningur.[2]) En um sumt af því þarf að vísu varla vitna við.

---

hverjum seinni tíðar manni hafi þótt kunnugleika söguhöfundarins ábótavant.

1) Athygli mína á þessu hefur mag. art. Ólafur Briem vakið.

2) Jakob Jakobsen telur Hrafnkötlu það m. a. til gildis fram yfir Landnámu, „at Landn. ikke synes at kende noget til Hrafnkels tilnavn, F r e y s g o ð i (det nævnes i al fald ikke), et tilnavn, som dog er meget vel begrundet i den store rolle, som Freydyrkelsen spiller i Hrafnk. s., og hvorom bl. a. stednavnet Freyfaxahamarr, opkaldt efter Hrafnkels til Frey viede hest, bærer vidnesbyrd“ (Austfirðinga sǫgur, L). Hér er það fyrst talið sjálfsagt, að allt, sem sagan segir um Freysdýrkun Hrafnkels, sé satt,

Sumt í Hrafnkötlu, sem engum öðrum heimildum fer um, er í sjálfu sér nokkuð ótrúlegt, þó að sagan sé annars með miklum raunsæisblæ. Svo er t. d. um það, er Einar Þorbjarnarson ætlar að taka hrossin, „ok váru þau nú skjǫrr, er aldri váru vǫn at ganga undan manni, nema Freyfaxi einn; hann var svá kyrr sem hann væri grafinn niðr“. Þetta er áhrifamikið, það sýnir, að hér eru örlögin að verki: afsakar Einar og gerir dauða hans átakanlegra. Um aðfarir Freyfaxa, eftir að Einar hefur sleppt honum, skal eg geta þess, að líkar sögur um reiðhesta eru til,[1]) og gæti höfundur þar hafa haft lifandi dæmi fyrir sér. Áhrifamikil er líka lýsingin á metnaði Þorbjarnar karls, er hann vill ekki þiggja hinar ríflegustu bætur af Hrafnkeli, nema þeir taki menn til gerðar með sér. Þetta er nauðsynlegt fyrir listarheildina, að setja söguna í gang og bæta málstað Hrafnkels, svo að réttlætt sé uppreist hans að lokum. En það er óvenjuleg saga, þegar í hlut eiga svo misríkir menn. Alveg fjarstæð er frásagan um meðferð þeirra Þjóstarssona á goðunum og goðahúsinu. Hún minnir á Hrapp í Njálu og Búa í Kjalnesinga sögu, og er það sögulega séð ekki góður félagsskapur. Ef Sámur átti að halda uppi hofi og blótum áfram, eins og sjálfsagt var, var honum gerður hinn mesti ógreiði með því að brenna goðahúsið. Þetta hafa menn líka almennt talið tilbúning, sem sprottinn sé af vandlætingu kristins höfundar, helzt klerks. Öll sagan um uppgang Hrafnkels á

og það síðan aftur notað til þess að styðja sannindi sögunnar gegn Landnámu. Og það er ekkert tillit tekið til þess, að Hrafnkatla, sem er eina forna heimildin um Freyfaxahamar, lýsir staðnum alveg rangt, ef Hrafnkell hefði búið á Aðalbóli. Með þvílíkri rökfærslu er svo Landnáma sett í skúmaskotið.

1) Ein slík saga, sem gerðist 1879, um reiðhest Hjartar bónda í Austurhlíð, er prentuð í Lögbergi 49. árg., 1. tbl. Hún er svo svipuð sögunni um Freyfaxa, að furðu gegnir, en sögð af sjónarvotti með nákvæmum atvikum, svo að erfitt er að rengja hana.

Hrafnkelsstöðum er og ótrúleg, að hann hafi getað eflzt svo að auði og völdum á einum sex árum,[1]) jafnvel þó að ekki sé tekið tillit til þess, í hvaða umhverfi þetta átti sér stað, sem áður er talað um. Höfundinum hefur þar orðið það á, sem honum sjaldan verður, að kunna sér ekki fullt hóf, því að Hrafnkell hefði vel getað náð sér niðri á ekki meira manni en Sámur var án þess að vera orðinn slíkur höfðingi. Samt verður því ekki neitað, að með þessu bætir hann að vissu leyti lýsingu Hrafnkels, eins og síðar mun getið. Um Væringjana tvo, Þorkel lepp og Eyvind, er áður talað. Þeir eru annað dæmi þess, að of mikið er í borið. Þriðja dæmi hins sama eru píslir þær, sem Hrafnkell og menn hans eru látnir sæta, en að þeim verður vikið síðar. Fleira mætti nefna, sem fremur hefur á sér blæ skáldskapar en sannrar sögu, en um það er betra að ræða í sambandi við meðferð efnisins.

Það ætti nú þegar að vera orðið ljóst, að einungis örfá atriði í Hrafnkötlu fá stuðning af öðrum heimildum, í raun og veru ekki önnur en þau, sem sögunni og Landnámu ber saman um: að Hrafnkell hafi verið höfðingi, numið Hrafnkelsdal og búið þar og átt tvo sonu, Ásbjörn og Þóri. Hin eru miklu fleiri, sem gildar ástæður eru til þess að telja tilbúning, og meðal þeirra eru meginatriði sögunnar. Sumt verður að liggja á milli hluta, eins og Freysgoðanafnið, þó að það sé mjög grunsamlegt, og að sumu verður enn vikið hér á eftir. En hvernig er það efni til komið, sem á ekki rót sína að rekja til raunverulegra viðburða? Er það búið til af ritara sögunnar, höfundinum (eins og hér að framan hefur stundum verið að orði kveðið til

1) Í útgáfu Jakobsens er á 127. bls. talað um 7 vetur, nema í einu hdr, en á 135. bls um 6 vetur. Sú tala á líka að standa á fyrra staðnum, en hefur ruglazt vegna þess, að rétt á eftir er sagt, að Eyvindur hafi verið utan 7 vetur. En hann var farinn úr landi, áður en víg Einars varð.

hægðarauka), — eða hefur það myndazt með alþýðunni sjálfri, sagnaþulum, sem skemmt hafa með munnlegum frásögum? Fyrsta sporið í áttina til þess að svara þessum spurningum er að athuga, hvað vitað verður um heimildir sögunnar.

III. HEIMILDIR.

Skýrasta merki um beina notkun ritaðrar heimildar í Hrafnkötlu er ættartala Haralds hárfagra í upphafi 1. kap., sem er samhljóða ættartölunni framan við Íslendingabók. Handritin gefa enga átyllu til þess að telja þetta síðari viðbót, eins og Finnur Jónsson vildi vera láta. Þessi ættartala þarf ekki að vera tekin úr Íslendingabók sjálfri, heldur gæti hún verið sótt í annað rit, sem stuðzt hefði við hana, og skiptir það ekki miklu.

Þess er áður getið, að höfundur sögunnar muni hafa þekkt Droplaugarsona sögu, og er það nærri því sjálfsagt, þar sem sú saga hlýtur að vera eldri en Hrafnkatla og rituð á sömu slóðum. En það, sem hann hefur sótt í hana, er óverulegt (Hallsteinssynir), og hann hefur ekkert gert til þess að tengja þessar tvær sögur saman, nefnir ekki einu sinni þá sonasonu Hrafnkels, sem koma við Droplaugarsona sögu. Mest ríður á að gera sér grein fyrir afstöðu Hrafnkötlu til Landnámu. Það hefur jafnan verið talið einsætt, að þar væri ekkert samband, eins og vonlegt er, þar sem svo mikið ber á milli. Enda liggur það í augum uppi, að ef höfundur sögunnar hefði kynnt sér Landnámu rækilega og verið mest um það hugað að fara sem réttast með fornan fróðleik, hlaut hann að sjá, að saga hans kom bæði beinlínis og óbeinlínis í bága við Landnámu. En þetta horfir öðruvísi við, ef höfundur-

inn hefur framar öllu haft í huga að semja skáldsögu og tekið úr Landnámu það eitt, sem hann þurfti á að halda til þess að komast á skrið, en breytt því eftir geðþótta.

Öruggast virðist, að nafn Þormóðar Þjóstarssonar sé tekið úr Landnámu, því að hans er hvergi annars staðar getið í heimildum, sem eldri eru en Hrafnkatla, og engin líkindi eru til þess, að nafn hans hafi verið uppi í austfirzkum sögnum.

Þó að Landnámu og upphaf sögunnar skilji mikið á, er uppistaðan hin sama: 1) vetrardvöl í Breiðdal, 2) viðkomustaður í Skriðdal, aðvörunardraumur, skriðufall á dvalarstaðinn þegar eftir burtferðina, gripir farast í skriðunni, 3) landnám vestan Lagarfljóts. — Öll frábrigðin í sögunni geta verið sjálfráðar breytingar höfundarins, eins og áður er sýnt fram á. Þetta er miklu sennilegra en að sögusagnirnar um Hrafnkel hafi spillzt þar eystra, eftir að Landnáma var rituð, en höfundinum verið ókunnugt um hana. Menntun þess manns, sem tók sér fyrir hendur að rita sögu Hrafnkels goða, hefði mátt vera skrýtilega höttótt, ef hann gat sótt ættartölu Haralds hárfagra, nafn Þormóðar Þjóstarssonar og Hallsteinssonu í ritaðar heimildir, en hefði ekki vitað, að um söguhetju hans væri neitt skrásett í sjálfri Landnámu. Það ætti öllum að geta komið saman um, sem kynna sér efnismeðferðina í Hrafnkötlu hleypidómalaust, að svona rit er ekki líkt því að vera samið af bóklausum manni. Hitt þætti mér sennilegra, að höfundur hefði lesið allmikið af þeim bókmenntum, sem til voru á Íslandi um hans daga, þó að hann hafi ekki sótt mikið af efni í þær beinlínis til þess að setja þessa stuttu sögu saman. Menntun hans hefur hjálpað honum til þess að finna sjálfan sig og fara sínar eigin götur.

Áhrifa erlendra bókmennta (þýðinga) verður lítið vart í sögunni, en vel hafa þær getað verið höfundin-

um nokkuð kunnar. Hrafnkatla er karlmannasaga. Í henni eru aðeins nefndar þrjár konur, Arnþrúður ambátt, Oddbjörg Skjöldólfsdóttir og Þórdís Þórólfsdóttir, og engin þeirra er nema nafnið tómt. Meir kemur hin nafnlausa griðkona Hrafnkels við söguna. Rausi hennar er vel lýst, er hún lætur ganga af kappi og mælir margt helzti satt, þó að henni gangi ekki gott til. En hún er samt ekki sjálfstæð persóna, heldur notar höfundurinn hana sem þátt í lýsingu Hrafnkels. Hrafnkell er í aðra röndina makráður og seinn til að hefjast handa. Hann þarf frýjunnar og myndi samt ekki hafa þolað hana svo berorða af einhverjum húskarli eða nágranna, en griðkonu getur hann ekki reiðzt, enda segir hún í raun og veru ekki annað en það, sem honum býr sjálfum í skapi.

Þar sem kvenþjóðin kemur svo lítið við söguna, er ekki við að búast, að hún beri nein merki af ástalýsingum erlendra riddarasagna. Höfundur gæti hafa lesið slíkt, án þess það snyrti hann. Og yfirleitt er Hrafnkatla órómantísk saga. Einkum eru þeir Hrafnkell og Þorgeir, skapstyrkustu persónur sögunnar, harðdrægir veruleikamenn, sem engar hetjuhugsjónir flækjast fyrir. Samt örlar í einstökum atriðum á öðrum smekk. Þeir Þorkell leppur og Eyvindur Bjarnason hafa sótt frama alla leið suður í Miklagarð. Þorkell er í laufgrænum kyrtli með búið sverð í hendi, og Eyvindur Bjarnason ríður með svo fagran skjöld, að ljómar af. Slíkar skrautlýsingar eru þó mjög í hófi hafðar. Hrafnkell ríður til selsins í blám klæðum og með öxi eina vopna, og þegar hann veitir Eyvindi eftirför, vopnast þeir „harðfengilega“ (en ekki til skrauts). Nokkuð íburðarmikið er að láta Eyvind hafa skósvein, eins og títt var um erlenda höfðingja, og ekki er sagt frá þess háttar þjónustumönnum Íslendinga í eldri sögum.

Eitt atriði í Hrafnkötlu virðist óíslenzkt að svip, en

það eru píslir þær, sem Hrafnkell og menn hans eru látnir sæta á váðásinum. Tel eg víst, að þar sé um erlent efnisatriði að ræða, þó að vafasamt sé, hvort það er farandsögn eða sótt til bókar. Til samanburðar má minna á frásögn Saxa, að Jarmericus refsar Vindum í annað skipti með því að hengja fjóra tigu þeirra og láta úlf hanga á móti hverjum, hitt skiptið með því að láta draga reipi gegnum hásinar nokkurra höfðingja þeirra og naut slíta þá sundur.[1]) Má vel vera, að finna mætti fyrirmynd þá, sem bæði Hrafnkatla og Saxi hafa farið hér eftir.

Þær ritaðar heimildir, sem beinlínis hafa verið notaðar, ná skammt til þess að skýra, hvaðan efni Hrafnkötlu er runnið. Þá er að víkja að því, hver líkindi eru til þess, að það sé sótt í sögusagnir eða munnmæli. Um það atriði skulu á þessu stigi málsins aðeins gerðar fáeinar athugasemdir.

Í sögunni er hvergi vísað til sagna né missagna, ekki einu sinni fyrir siða sakir ritað „svá er sagt". Höfundurinn segir frá eins og sá, sem vald hefur, og virðist aldrei vera í neinum vafa um, hvernig hvað eina hafi til borið.

Þegar menn hafa þótzt geta staðfest efni í fornsögum, sem er ekki sótt í vísur, hafa þeir að vonum tekið það sem sönnun gamalla arfsagna. Dæmi þessa eru að vísu ekki mörg og sum þeirra ekki vel rökstudd, en það er meira mál en svo, að unnt sé að ræða það hér. En má þá álykta á hinn veginn, að líkindin fyrir því, að efni sögu sé sótt í munnmæli, sé því minni sem hún er óáreiðanlegri? Það þarf vitanlega ekki að vera. Alþýðlegur fróðleikur getur verið brenglaður á margan hátt og jafnvel að mestu leyti tilbúinn (sbr. Fornaldarsögur). Samt kynni það að vera fullmikið vantraust á ráðvendni hinna austfirzku sagnamanna, að

1) Gesta Danorum, Liber VIII.

væna þá um að hafa búið til þau meginatriði Hrafnkötlu, sem vér þegar höfum séð, að aldrei hafa getað gerzt. Það myndi varla koma heim við þær athuganir, sem gerðar hafa verið á norskum og íslenzkum sögnum frá seinni öldum, þar sem að vísu er nóg af rangminni og rangfærslum, viðaukum og skreytni, en þó að jafnaði einhver sögulegur kjarni í aðalatriðunum. Samt væri varhugavert að neita slíkum möguleika fyrir fram. Einhver hlýtur að hafa búið það til, sem tilbúið er, og hví þá ekki eins maður, sem sagði sögu til skemmtunar, og hinn, sem ritaði? En jafnvel þó að reynt sé að taka þetta sjónarmið alveg út af fyrir sig og án þess að líta á neitt annað, sem kemur til greina, berast böndin miklu meir að söguritaranum, og það einkum af tveimur ástæðum. Meðferð hans á efninu, hvernig sem hann hefur fengið það, sýnir gjörla, að hann hefur verið vitur maður. Ef hann hefði verið að endursegja munnlega frásögn eða frásagnir, sem hann hefði gert ráð fyrir, að væri að mestu leyti sannsögulegar, myndi dómgreind hans hafa verið meir á varðbergi og hann hafa slegið einhverja varnagla. Að minnsta kosti hefði hann átt að hafa einhvern snefil af, að öðruvísi væri sagt frá í Landnámu. Sjálft hikleysið í frásögninni bendir til þess, að hann hafi engar áhyggjur gert sér af sannindum sögunnar. Það er eðlilegra hjá skáldi, sem tekur allt undir sjálfum sér, en skrásetjara, nema hann væri því einfaldari. Auk þess er það eðlilegra, að áhrif ritaðra heimilda, þótt eigi sé meiri en að framan er greint, sé komin beint úr bókum við ritun sögunnar heldur en með munnlega heimildarmenn sem milliliði. Og í einu atriði, ættartölunni úr Íslendingabók, er það alveg öruggt.

Þó að jafnan muni verða erfitt að draga skýra markalínu milli þess efnis sagnanna, sem stafar frá munnlegum frásögum, og hins, sem eru umbætur, við-

bætur og skáldskapur höfundanna, má samt oft fara nærri um það, bæði af svip efnisins og meðferð höfundanna á því. Alþýðusagnir eru oft auðkenndar á því, að þær hafa klofnað í afbrigði, svo að samvizkusamur söguritari getur þess stundum, að frá atburðunum segi ekki allir á einn veg, eða hann glæpist á því að segja sömu sögnina tvisvar í mismunandi myndum. Dæmi þessa hvorstveggja koma fyrir í Reykdælu. Þá er það eðli alþýðlegra munnmæla, að þau draga að sér efni úr farandsögum og þjóðtrú, og fer því fjarri, að sögurnar sé allt af því trúrri endursögn munnmæla sem þær eru með raunsærra brag. Hitt er sönnu nær, að höfundur Eyrbyggju hafi t. d. haft meiri sögusagnir af Fróðárundrum og afturgöngu Þórólfs bægifóts en af viðskiptum þeirra Snorra og Arnkels goða. Sum atriði í sögunum eru af því tagi, að engum skáldsöguhöfundi er trúandi til þess að hafa haft gaman af að búa þau til né gera ráð fyrir, að lesendur hans hefði skemmtun af þeim. Þau koma gangi sögunnar ekkert við, trufla hann fremur og gera erfiðara að halda meginþræðinum. Oft eru höfundarnir í vandræðum með að koma þeim fyrir á réttum stöðum í frásögunni. Þetta getur valdið kynlegum tvískinnungi í efnismeðferðinni. Samvizkusemi fróðleiksmannsins, sem vill halda sem flestu til haga og bjarga því frá gleymsku, togast á við smekk og hæfileika listamannsins. Sögurnar verða sundurleitar, eins og Bjarnar saga Hítdælakappa, sem fer öll í mola um miðbikið, þar sem átthagasagnirnar eru fjölskrúðugastar, eða þar koma fyrir útúrdúrar, laus fróðleikur, sem er ekki samlagaður söguþræðinum. Jafnvel í Gunnlaugs sögu, sem annars er með svo miklum skáldsögublæ að samsetningu, sést það stundum, að höfundurinn hefur ekki í öllum höndum við efnið (sumar vísur Gunnlaugs og ómerkileg atvik, sem segja verður þeim til skýringar).

Ef Hrafnkatla er athuguð frá þessu sjónarmiði, kemur það í ljós, að hún sver sig mjög lítið í ætt til alþýðlegra munnmæla. Í henni eru, eins og áður er getið, engar tilvísanir til missagna, ekkert af alþýðlegri hjátrú, því að til slíks verður hvorki talinn draumur Hallfreðar (úr Landnámu) né örlagatrúin, sem er sameiginleg öllum fornsögum. Þau fáu atriði sögunnar, sem skoða má sem lausan fróðleik, tekinn með að nauðsynjalausu fyrir söguþráðinn, — ættartalan í upphafi, það sem sagt er um Þormóð Þjóstarsson, lögfræðiskýringar (sem síðar verður nánara vikið að) og örnefnaskýringar, — eru öll af því tagi, að þau geta varla verið sótt í munnmæli. Sum eru bersýnilega úr bókum, sum hafa menn fyrir löngu séð, að bera merki höfundarins (margar af örnefnaskýringunum). Þess verður allt af að gæta, að fróðleiksstefnan átti svo mikil ítök í sagnariturunum, að jafnvel mestu skáldsöguhöfundunum þótti betur fara að sýna í aðra röndina lærdóm sinn, og má hér til samanburðar minna á ættartölurnar og lögfræðina í Njálu. Eina atriðið í sögunni, sem kemur lesandanum dálítið á óvart, eins og höfundurinn vissi meira um það en hann segir, er spjót Hrafnkels „it góða“ í niðurlagi sögunnar. Þetta er auðsjáanlega sama spjótið sem Hrafnkell fekk að hafa með sér frá Aðalbóli, en búast mætti við, að því hefði áður verið eitthvað frekara lýst eða þess getið við vígaferli hans, úr því að svona er að orði kveðið.[1]) En eg sé ekki, að þetta verði skýrt á neinn þann hátt, sem að gagni kæmi til þess að gera sér nánari grein fyrir myndun sögunnar. Það er varla annað en lítilfjörlegur smíðagalli, sem vér rekum augun í vegna þess, hve föst og markviss samsetning sögunnar er yfirleitt. Með því að skoða söguna betur niður í kjölinn að þessu leyti, ættum vér að

1) Sbr. Origines II, 491.

komast nær því að skera úr, hvort hún að uppistöðu og frásagnarhætti líkist þeim sögum, sem gildastar ástæður eru til þess að telja runnar af stofni munnmæla.

IV. SAMSETNING OG FRÁSAGNARHÁTTUR.

Hrafnkatla er tvímælalaust sú Íslendinga saga, sem er einsteyptust og samfelldust heild. Frá því að byrjað er að segja frá ríki og ofsa Hrafnkels í 2. kap., leiðir einn atburðurinn annan af sér í samanhnitaðri keðju: heitstrenging Hrafnkels, yfirsjón Einars og víg, sáttaboð við Þorbjörn og neitun þess, Sámur tekur upp vígsmálið, sem virðist vonlaust, óvænt liðveizla Þjóstarssona, sem fyrir andvaraleysi Hrafnkels verður honum að falli, bæði á alþingi og heima í héraði, niðurlæging hans og nýr uppgangur, víg Eyvindar, Hrafnkell réttir hlut sinn og svínbeygir Sám, Sámur gerir enn tilraun til þess að fá liðveizlu gegn Hrafnkeli, en er synjað hennar, lok Hrafnkels og sögunnar. Þessum þræði er haldið svo markvisst og útúrdúralaust, að því verður helzt jafnað við þá þætti, sem bezt eru saman settir (t. d. Auðunar þátt vestfirzka), en engin önnur saga kemst fyllilega til jafns við það. Næst standa til samanburðar tvær sögur, sem báðar eru stuttar og með skýrum þræði, Hænsa-Þóris saga og Bandamanna saga. En ef vér hugsum oss, að allar þessar þrjár sögur ætti að endursegja eftir einn yfirlestur, myndi það koma í ljós, að auðveldast er að fá skýrt yfirlit um efni Hrafnkötlu og muna allt í henni, sem máli skiptir. Og úr henni má minnst missa sig, svo að þráðurinn haldist. Hænsa-Þóris saga væri alveg heilleg, þó að úr henni væri sleppt hinni misheppnuðu tilraun Þorbjarnar stíganda að leita liðveizlu Tungu-Odds eftir brennuna eða viðskiptum

þeirra Odds og Gunnars Hlífarsonar eftir málalokin á alþingi. Bandamanna saga ber þess merki, að þar er slungið saman þáttum, sem upphaflega hafa verið hver öðrum óháðir, þó að það sé haglega gert. Tengslin milli deilu þeirra Odds Ófeigssonar og málsóknar þeirra bandamanna á hendur Oddi eru t. d. ólíku lausari en milli vandræða Sáms á þinginu og liðveizlu Þjóstarssona, sem svo vendilega er búið um í Hrafnkötlu. Æfiloka Hermundar Illugasonar var engin nauðsyn að geta, og ekkert svipað er hægt að benda á í Hrafnkötlu. Enn augljósari myndi hin sérstæða festa og eining í uppistöðu Hrafnkötlu vitanlega verða, ef aðrar sögur en þær tvær, sem nú hefur verið getið, væri teknar til samanburðar. En það er óþarft fyrir þá, sem nokkuð þekkja til sagna. Vel mætti þó í þessu sambandi minna á tvær af hinum austfirzku sögum, Vopnfirðinga sögu og Droplaugarsona sögu, sem báðar eru eldri en Hrafnkatla og taldar vera reistar á gömlum munnlegum frásögnum.

Eins atriðis í samsetningu Hrafnkötlu er rétt að geta hér sérstaklega, hvernig farið er með einþætta og tvíþætta frásögn, þar sem tvennum sögum fer fram, en hvortveggja verður ekki sögð í senn.

Eftir að Einar hefur sleppt Freyfaxa og sér hann taka á rás ofan í dalinn, reynir hann að höndla hann, en getur það ekki. Nú hlaut Einar að búast við bana sínum. En um það er ekki sagt eitt orð, hvorki um ugg hans né að hann hugsi til undankomu. Sagan fylgir hestinum. Einars er ekki getið aftur fyrr en Hrafnkell hittir hann, þar sem hann liggur rólegur á kvíaveggnum og er að telja ærnar. Hann hefur ekki leitað undankomu frá hættunni, fremur en hann hleypur frá því að játa sannleikann. Þetta er áhrifamikið og gerir víg Einars enn hörmulegra.

Svipað er farið að því að segja frá þingreið Hrafnkels. Honum er fylgt á leið suður á Síðu. Hann kem-

ur á þingið nokkuru síðar en Sámur, fréttir, að Sámur sé kominn, og þykir það hlægilegt. Síðan er ekki sagt frá athöfnum hans, þangað til Sámur sækir málið í dóm. „Menn hljópu til búðar Hrafnkels ok sǫgðu honum, hvat um var at vera“. Þessi þögn sögunnar lýsir því bezt, hversu Hrafnkell virðir brölt Sáms að vettugi og uggir ekki að sér, fyrr en í óefni er komið.

Á einum stað er kynlega farið með tvíþætta frásögn, svo að varla verður neitað, að það sé smíðagalli. Eftir að sagt er frá hrakningi Hrafnkels frá Aðalbóli, heldur sagan beint áfram að segja frá jarðarkaupum hans og uppgangi fyrstu árin á Hrafnkelsstöðum. Síðan er horfið aftur að því að segja, hvað gerist á Aðalbóli næstu dagana eftir að Hrafnkell er farinn. Svo er aftur vikið sögunni til Hrafnkels, hvað hann segir, þegar hann fréttir um afdrif Freyfaxa og hofsbrennuna (auðvitað fám dögum eftir brottför sína). Miklu eðlilegra hefði verið að segja aðeins frá brottrekstri Hrafnkels á fyrra staðnum, síðan frá því, hvað þeir Sámur og Þjóstarssynir héldu áfram að sýsla, þá frá því, er Hrafnkell fréttir brennu goðahússins, og kljúfa ekki kaflann um uppgang hans í tvennt. Þetta myndi og líkjast miklu meir alþýðlegum frásagnarhætti. En það er eins og höfundurinn hafi ekki getað skilið svo við Hrafnkel, að lesandinn væri í bráðina í óvissu um örlög hans, og líka viljað láta ummæli hans um goðin koma beint á eftir frásögninni um Freyfaxa og hofið, án þess sagt væri frá hinum nýja bústað hans þess á milli.

Annað einkenni Hrafnkötlu, sem vér veitum ekki eins fljótt athygli og hinni skýru yfirsýn uppistöðunnar, vekur við nánari athugun enn meiri undrun vora: hversu mikið er sagt þar í stuttu máli og samt án þess lesandinn finni, að nokkurs staðar sé fljótt yfir sögu farið. Þar virðist ekki einungis vera sögð saga Hrafnkels frá æsku til dauðadags, rakinn æfiferill með

hastarlegum breytingum á ytri kjörum og miklum umskiptum á skaplyndi, heldur líka gerð skýr grein fyrir örlögum og einkennum ýmissa annara manna. En sagan verður aldrei þurrt yfirlit, allt af virðist nóg ráðrúm til rækilegra lýsinga stærri og smærri atburða. Lesandanum finnst hann í sögulokin hafa lifað þetta allt saman, hefur jafnvel stundum verið hissa á, hversu nákvæmlega efnið er rakið og skýrt. Og þegar hann svo lítur á blaðsíðutöluna í sögulokin, trúir hann varla sínum eigin augum, að þetta skuli allt hafa rúmazt í svo lítilli bók.

Vér skulum nú líta á þá tækni, sem beitt er í sögunni til þess að ná þessum árangri. Og er þá bezt að víkja fyrst að því atriði í efnisvali, sem jafnan skiptir miklu máli í fornsögum vorum: hversu margir menn koma við hana og hver grein er gerð fyrir þeim. Mannfræði sagnanna er, eins og allir vita, ásteytingarsteinn fyrir flesta nútímalesendur, villir þá og truflar, svo að þeir eiga bágt með að halda þræðinum eða höndla sögukjarnann.

Í Hrafnkötlu eru nefndar 25 persónur. Sjö af þeim koma aðeins fyrir í 1. kap., ættartala Haralds hárfagra og Arnþrúður ambátt, sem koma söguþræðinum ekkert við. Þau Þormóður Þjóstarsson og Þórdís Þórólfsdóttir eru líka nefnd aðeins til fróðleiks. Nauðsynlegt var að nefna föður Hrafnkels, konu hans og sonu (4 nöfn). Þá eru þeir Hallsteinssynir og Hrólfssynir, sem nefndir eru meðal liðsmanna Hrafnkels í förinni eftir Eyvindi (4 nöfn). Þetta eru 17 nöfn, og ekkert annað en nöfnin tóm. Þá eru eftir 8 persónur (auk tveggja ónefndra aukapersóna, griðkonu og skósveins), sem verulega koma við söguna:

Hrafnkell,
Bjarni,
Sámur,
Eyvindur,

Þorbjörn,
Einar,
Þorkell,
Þorgeir.

Með þessum 8 mönnum er taflið leikið, og þeim er öllum skýrt lýst. Þessi hófsemi í framtali manna er einstök í Íslendinga sögu, jafnvel þó að Víglundar saga og Króka-Refs saga sé teknar til samanburðar, þar sem engin arfsögn var til þess að leiða höfundana í mannfræðilegar freistingar.

Miklu ósparari er sagan á staðanöfn (örnefni). Þau eru 70 talsins. Venjulega er hlutfallið öfugt, mannanöfnin miklu fleiri. En í Hrafnkötlu er lögð rækt við að telja fram örnefni og skýra þau, og er þess áður getið og eins hins, að fræðimenn, sem telja efni sögunnar annars runnið frá sögusögnum, hafi í þessu atriði þótzt finna merki höfundarins. Sumt af því, sem áður er tekið fram (í II. kafla), bendir til þess, að hann hafi ekki einungis haft gaman af örnefnum, heldur líka gagn. Hann sækir til þeirra efni, býr til persónur og atvik eftir þeim og getur svo vísað til þeirra til staðfestingar þessu efni. Því að auðvitað vildi hann, að sem mestur trúnaður væri lagður á sögu hans, eins og allir höfundar fornsagna, jafnvel fornaldarsagna.[1]) Og þetta hefur honum tekizt furðanlega, allt til þessa dags.

Örnefnaskýringarnar sýna, að þótt höfundur Hrafnkötlu hefði aðaluppistöðuna jafnan skýrt í huga og kynni vel að takmarka efnið, er hann engan veginn smásmugull í sparsemdinni (sbr. líka hin óþörfu mannanöfn, einkum í 1. kap.). Nú skulu þess enn dæmi sýnd, að hann lætur fleira fljóta með en nauðsyn krefur.

---

1) Sbr. rit mitt um Snorra Sturluson, þar sem fáein dæmi þessa eru nefnd, 130, 135, 147—48, 150.

Sérstaks eðlis eru hinar lögfræðilegu skýringar: „Eigi er maðrinn alsekr, meðan eigi er háðr féránsdómr, ok hlýtr þat at heimili hans at gera; þat skal vera fjórtán náttum eptir vápnatak. En þat heitir vápnatak, er alþýða ríðr af þingi". „Villtu fara með Sámi ór garði á brott í ǫrskotshelgi við bœinn ok heyja féránsdóm á grjóthól nǫkkurum, þar sem hvárki er akr né eng. Þetta skyldi í þann tíma gera, er sól væri í fullu suðri". Á þessum stöðum er bersýnilega stuðzt við ritaða lögbók.[1])

Stundum koma fram skýringar á atferli manna og hugsunarhætti, sem virðast ekki nauðsynlegar, enda að jafnaði farið sparlega með slíkt í fornsögum: (Einarr) „þóttisk vita, at hann myndi fljótara yfir bera, ef hann riði heldr en gengi". — „En við þann átrúnað, at ekki verði at þeim mǫnnum, er heitstrengingar fella á sik, þá hljóp hann af baki til hans ok hjó hann banahǫgg". „Nú hefir hann sofnat síðan ok hefir réttan fótinn út undan fǫtunum fram á fótafjǫlina, s a k i r o f r h i t a , e r á e r á f œ t i n u m". „Af því lagði Hallfreðr karl inar efri gǫtur, þó at þær væri lengri". Fleiri svipuð dæmi mætti nefna, einkum í samtölunum, sem senn verður vikið að.

Þó að atburðalýsingar sögunnar sé ekki fyrirferðarmiklar, eru þær mjög skýrar og stundum jafnvel

1) Um lögfræði Hrafnkötlu er til ritgerð eftir Otto Opet, sem eg hef ekki náð til. Það efni get eg að mestu leitt hjá mér. Söguritarinn flaskar á því að láta vígsmálið eftir Eyvind fara beint til alþingis (sjá 16. bls. að framan). Hann talar um, að dómur hafi verið settur á Lögbergi. Varla er þetta fáfræði, heldur hirðuleysi: dómar fóru út frá Lögbergi, og þar var vígsökum lýst. Hefur þetta eitthvað ruglazt fyrir honum. Misskilningur á eðli goðavaldsins, mannaforráða, kemur fram í orðunum: „Lagði hann (Hrafnkell) l a n d undir sik allt fyrir austan Lagarfljót". — Ekki veit eg, hvað Finnur Jónsson hefur átt við, er hann sagði, að Hrafnkatla „indeholder adskilligt af vigtighed" um lög og réttarfar.

óþarflega nákvæmar, t. d. þegar sagt er frá heimsókn Þorbjarnar karls til Sáms: „Hann ríðr nú í brott (frá Laugarhúsum). — — Hann léttir eigi fyrr en hann kemr ofan til Leikskála, drepr þar á dyrr. Var þar til dyra gengit. Þorbjǫrn biðr Sám út ganga. Sámr heilsaði vel frænda sínum“ o. s. frv. Sem dæmi sérstaklega skýrra lýsinga má nefna alla frásögnina um Einar og Freyfaxa. Veðrinu er lýst þennan örlagaríka morgun: „Einarr gekk út snemma, ok er þá létt af allri sunnanþokunni ok úrinu“, — eltingaleiknum við hrossin, — ferðalagi Einars, — útliti Freyfaxa eftir reiðina: „Hestrinn var vátr allr af sveita, svá at draup ór hverju hári hans, var mjǫk leirstokkinn ok móðr mjǫk ákafliga“. Seinna er þetta ítrekað: „mjǫk ókræsiligr . . . mjǫk óþokkuligr“. Oft eru smáatriði tekin nákvæmlega fram, án þess brýn þörf væri á að þykjast vita þau upp á hár: Þeir Sámur og Þorbjörn ganga út og ofan að Öxará *fyrir neðan brúna*, — Þorkell er með ljósan lepp í hári sínu *hinum vinstra megin*. Tölur eru tilfærðar hiklaust: Hrafnkell ríður til þings með 70 menn, Þorgeir er á þinginu með 70 menn, Hrafnkell fer að Sámi með 70 menn, Sámur hefur 40 menn á þinginu, Þorgeir velur 40 menn úr sínu liði til austurfararinnar; er þeir koma að Aðalbóli, gæta 20 menn hesta, en 60 ganga að bænum; Eyvindur ríður við 6. mann og reka þeir 16 klyfjahesta; Hrafnkell eltir Eyvind við 18. mann, Sámur ríður til liðs við Eyvind við 20. mann. Þess er jafnvel getið, hversu oft Freyfaxi veltir sér: „nǫkkurum tólf sinnum“. Þorkell leppur hefur verið utan sjö vetur, Eyvindur sjö vetur, Sámur situr á Aðalbóli sex vetur.

Allar þær skýringar, lýsingar og nákvæmni í smámunum, sem hér hefur verið getið, og margt annað af sama tagi, stuðlar að því að gefa lesandanum þá þægilegu tilfinningu, að hvergi sé farið óðslega með efnið

né vitneskjan um atburðina sé á huldu. En það eru þó framar öllu öðru samtölin, sem farið er með á þann hátt, að vér lifum söguna og finnst þar vera sagt svo rækilega frá, þótt hún fjalli um svo mikið efni í ekki lengra máli.

Hrafnkatla hefur hlutfallslega meira af samtölum en flestar aðrar Íslendinga sögur,[1]) og persónurnar eru stundum svo langorðar, að fremur líkist ræðum en tilsvörum. Sáttaboð Hrafnkels við Þorbjörn eru 22 línur í samfellu, samtal Sáms og Þorkels á þinginu og viðræður þeirra við Þorgeir í búðinni nær 130 línur, raus griðkonunnar við Hrafnkel 12 línur, gerð Hrafnkels við Sám 20 línur. Þegar þess er gætt, að sagan er alls 950 línur (í útgáfu Cawleys, sem hér er miðað við), sést, hversu mikið er í samtölin borið. Og þeim er þannig beitt, að vér hlustum í senn á meginatriði sögunnar gerast og kynnumst persónunum nægilega til þess að þögn þeirra á milli verði líka talandi (Einar segir ekkert, þegar hann missir Freyfaxa úr höndum sér, Hrafnkell ekki orð, þegar hann er sekur ger á alþingi). Lesandinn kemst svo inn í efnið, að hann fyllir ósjálfrátt upp í eyðurnar, þar sem fljótast er yfir sögu farið, og „fæst ei um, þótt hnúka skilji skörð". Það er nákvæmlega sama tækni og í leikritum. Og Hrafnkatla hefur það líka sameiginlegt við hin beztu leikrit, að mannlýsingarnar sitja þar í fyrirrúmi fyrir öllu öðru. Um þær verður að ræða í sérstökum kafla.

En áður en að því atriði er horfið, verður að gera fáeinar athugasemdir um stíl sögunnar. Hann er yfirleitt kjarnmikill, svo sem vænta mátti, þar sem miklu

1) Mér hefur talizt svo til, að þau sé um 42% af sögunni. Til samanburðar má nefna, að samtölin eru í Bandam. sögu 55%, Valla-Ljóts sögu 46—47%, Hænsa-Þóris sögu 39%, Gunnlaugs sögu 28%, Reykdælu 6—7%. Þessar tölur eru teknar eftir hinni ísl. útg. af riti Liestöls, Uppruna Íslendinga sagna, 74.

efni er þjappað saman í stutt mál. Víða koma fyrir talshættir, sem bregða upp skýrum myndum: er meira bein hafa í hendi haft, er á Hrafnkel gæti nǫkkura vík róit, slíkan œgishjálm get ek, at hann beri yfir flestum sem áðr, eigi gera endamjótt við þik, en þá er eigi dýr í festi,[1]) undir okkarn áraburð. — Orðskviðir eru hlutfallslega margir í sögunni, og er þess stundum getið, að þeir sé teknir af alþýðu vörum: þat er forn orðskviðr, minnisk nú margr á fornan orðskvið, satt er flest þat, sem fornkveðit er. Þess verða síðar dæmi sýnd, hve haglega höfundur getur notað orðskviði til þess að láta koma fram lyndiseinkunnir manna (Bjarna að Laugarhúsum og Þorkels lepps).

Eins og vænta mátti af höfundi Hrafnkötlu, sem kann svo vel að setja fram andstæður í mannlýsingum, beitir hann oft því sama í stílnum:

„Eigi veldr á s t l e y s i þessarri brottkvaðning, — — meira veldr því e f n a l e y s i mitt ok fátœkt".

„(þú) ert g j a r n á s m á s a k a r, en villt eigi taka við þ e s s u máli, er svá er brýnt".

„muntu þess mest á þ é r kenna, — — mun hann þess gørst kenna á s é r".

„Er honum þetta n a u ð s y n, en eigi s e i l i n g".

Eyvindur ríður með svo f a g r a n skjöld, að l j ó m a r af, en Hrafnkell og hans menn vopnast h a r ð-

1) Þennan talshátt hafa menn átt erfitt með að skýra. Aðalmerking hans er augljós; sveinn Eyvindar ræður honum að flýja: ef þú kemst undan, þá er ekki mikið í húfi, ekki hundrað í hættunni, hvað sem um oss hina verður. F e s t r hefur hér verið skýrt: gildra (sbr. útg. Cawleys), en þeirrar merkingar eru annars engin dæmi. Hugsanlegt væri, að f e s t i, hvk., þýddi: gildra, sjálfhelda. En mér hefur komið til hugar, að d ý r væri hér s. s. dýrgripur, dýrmæti, eins og Axel Kock skýrði það orð í Völundarkviðu (Arkiv XXVII, 107) og eg hef þótzt finna sama orð í einni vísu Kormáks (Skǫglar dýr: góð vopn, sjá Ísl. fornrit VIII, 240). Þá væri talsháttur þessi allforn.

fengilega. — Það hillir undir leikslokin í þessu orðalagi.

Víða kemur það fram, að höfundurinn hefur glöggt auga fyrir því að setja hið rétta orð á réttan stað, þótt það láti ekki mikið yfir sér. Er ekki kostur þess að benda nema á einstök dæmi í þessu sambandi, en sama kemur fram í mörgum öðrum, sem annars staðar eru tilfærð. Hrafnkell er sjaldan nefndur goði í sögunni og í fyrsta sinn (fyrir utan, að viðurnefnis hans er getið í 2. kap.) þar sem sagt er frá liðsbón Sáms við höfðingja á alþingi: „engi kvazk eiga svá gott Sámi upp at gjalda, at ganga vildi í deild við Hrafnkel goða". Virðingarnafn Hrafnkels á þessum stað sýnir aðstöðu Sáms: hvernig á hann, valdalaus maður, að ætlast til, að höfðingjar fari að veita honum lið gegn höfðingja? Næst viðhefur Sámur orðið sjálfur í samtalinu við Þorkel: „vit eigum málum at skipta við Hrafnkel goða". Þetta er meira en tóm kynning Hrafnkels (til þess hefði föðurnafn og bústaður hans verið eins vel fallið): það er í senn bergmál af þeim svörum, sem Sámur hefur áður fengið, en Sámi finnst þetta líka mikið í munni: eg stend í málaferlum við einn af höfðingjum landsins!

Mjög áhrifamikið er það, þegar Þorkell segir við Þorgeir bróður sinn, er hann vill telja honum hughvarf: „kann vera, at Þorkell leppr komi þar, at hans orð verði meir metin". Með því að tala um sjálfan sig í þriðju persónu og með viðurnefninu, sem er ekki nefnt nema í þetta eina sinn, er eins og Þorkell horfi á sjálfan sig álengdar og renni því meir til rifja, hversu litlu hann ræður. Allir munu finna, hvers setningin missti í, ef stæði: „at ek koma þar" o.s.frv.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að stíllinn er stundum dálítið þunglamalegur, og er það rétt athugað af Finni Jónssyni, að hann sé að sínu leyti varla

eins góður og samsetning sögunnar.[1]) Sumar af hinum lengri ræðum myndi vera fullt eins áhrifamiklar, þótt þær væri fáorðari og minna útlistað, hvað mælandinn er að fara. Svo er t. d. með ræðu griðkonunnar og sáttaboð Hrafnkels við Þorbjörn, þar sem hann segir m. a.: „en vér munum opt þess iðrask, er vér erum of málgir, ok sjaldnar mundum vér þess iðrask, þó at vér mæltim færa en fleira“ — „mér þykki þetta verk í verra lagi víga þeira, er ek hefi unnit — — — mér þykkir þetta verk mitt verra en ǫnnur þau, er ek hefi unnit“. Endurtekningar af þessu tagi koma víðar fyrir: „ek hefi hér allmikit um mælt — — — Ger nú sem ek mæli — — Nú veiztu, hvat ek hefi um mælt“. — „Munu þit þá hafa annathvárt fyrir ykkar þrá, nǫkkura huggan eða læging enn meiri en áðr ok hrelling ok skapraun“. „(Hrafnkell) var linr ok blíðr við sína menn, en stríðr ok stirðlyndr við Jǫkulsdalsmenn“. Það er ekki laust við, að sagan beri á stöku stað svip af klerkastíl („lærðum“ stíl) að þessu leyti, en lítt gætir þess í orðavali. Helzt mætti til þess nefna „linr“ í merkingunni „mildur“ og „náungi“ í merkingunni „frændi“, en ekki kveður svo að slíku, að það gefi neina bendingu um stétt höfundarins. Eg hygg þann dóm um stíl Hrafnkötlu nærri lagi, að hann beri, eins og sagan yfirleitt, merki stórgáfaðs rithöfundar, sem hafði lifað sig inn í list og anda hinnar þjóðlegu, íslenzku sagnaritunar, en ekki náð sömu leikni í stíl og mestu snillingarnir. Sögustíllinn þróast smám saman með hliðsjón af tvenns konar frásagnarhætti. Annars vegar var hinn frumstæði frásagnarháttur munnmælanna, sem vér getum fengið sæmilega hugmynd um af hinum svo nefndu „ættasögum“ Norðmanna og af

1) „— — stilen er næppe paa højde med kompositionen“, Litt. hist. II, 516.

frásögum einstöku íslenzkra alþýðumanna, sem eru nokkurn veginn ósnortnir af bóklegri menntun. Þar er efnismeðferðin snubbótt og oft óhöndugleg, tilsvörin lotustutt, og þeim, sem vanir eru fyllra og heflaðra bóklegum stíl, finnst frásagan eins og ágrip, þó að hún hafi aldrei verið öðruvísi. Hins vegar var svo hinn erlendi klerkastíll, breiður, flókinn og umsvifamikill. Íslendingum lánaðist, — bæði fyrir þekkingu sína á latnesku bókmáli og þýðingar úr því á íslenzku allt frá því um 1100, — að skapa sér sögustíl úr þessum tveimur andstæðum og sameina í honum mikið af einfaldleik hins daglega máls og fyllingu hins bóklega. Í sumum af hinum elztu sögum má sjá þess merki, að höfundarnir geta ekki samræmt þessar andstæður. Ef vér athugum t. d. Heiðarvíga sögu, er munurinn á framsetningu í ýmsum köflum furðu mikill. Eftir að ráðagerðum Þórarins spaka og suðurferðinni hefur verið lýst með ótrúlegri nákvæmni, kemur hin stuttaralega frásögn þess, sem gerist, þegar Barði kemur norður frá vígunum. Þar er eins og skíni í nakið berg við hliðina á landi með ríkum gróðri. En þetta berg er ekki blásið upp. Það hefur aldrei verið klætt. Það er líkast því sem höfundurinn sé þreyttur eftir hið mikla átak undanfarinna lýsinga og láti nú á kafla söguefni munnmælanna standa að mestu leyti í nekt sinni. Eftir því sem líður á 13. öldina, verður jafnvægið meira. Snorri, sem ritar konunga sögur sínar eftir ýmsum eldri heimildum með sundurleitan stíl, markar þar stærsta sporið. Hann styttir og lengir á víxl, færir helgisögurnar úr rykkilíni hins lærða stíls og sníður þeim einfaldara búning og þó prýðilegan, en dubbar fátæklegri heimildir upp til samræmis við hinar. Það er nokkurn veginn ljóst og myndi samt vera enn ljósara, ef fleiri af hinum eldri sögum væri til í upphaflegri mynd og ekki styttar og slípaðar af eftirriturum (sbr. t. d.

texta Egils sögu og Glúmu í Möðruvallabók og Fóstbræðra sögu í Hauksbók), — að þroski sögustílsins á 13. öld og fram á hina 14. fer í þá átt að gefa frásögunni „munnlegra“ blæ. Þetta hefur villt síðari alda mönnum sýn. Það er rétt, að einmitt svona hefði farið bezt á, að sögur væri sagðar. Og það má vel vera, að svipað þessu hafi menntuðustu rithöfundarnir tamið sér að segja frá, svo hafi t. d. Sturla Þórðarson kunnað að segja Huldar sögu og svona hafi höfundar sumra sagna æft sig í að segja sögur eða kafla úr sögum, sem þeir voru að semja. En sögustíllinn er samt jafnfjarri því, sem frumstæður munnmælastíll hefur getað verið fyrir ritöld, og hinu daglega máli 13. aldar, sem stundum gægist fram í Sturlungu. Það er einmitt hámark ritlistarinnar, sem fáir ná, að láta bækur „tala“. Svo fjarstætt sem það kann að virðast, er það engu að síður satt, að á blómaskeiði sagnagerðarinnar líkjast sögurnar því meir munnlegri frásögn, eins og nútíðarmönnum finnst hún ætti að vera, sem þær verða meiri skáldskapur, það er að segja í senn óháðari munnmælunum og hækjum erlendra stílfyrirmynda.

Eins og nærri má geta, verður stílþróun af þessu tagi aldrei, fremur en aðrar bókmenntalegar og menningarlegar hræringar, svo föst í rásinni sem náttúrulögbundinn vöxtur og hrörnun. Það má sjá hana skýrt, ef horft er yfir langt tímabil, en aðstæður og hæfileikar einstaklinga koma jafnan til greina, svo að ekki er unnt að marka hverju verki hnitmiðaðan stað í stigbreytingunni. Það koma fram menn, sem eru á undan eða eftir sínum tíma, brautryðjendur, snillingar, smekkmenn, sem stríða gegn straumi hnignunarinnar, eftirlegukindur, sem kunna ekki að færa sér nýja listartækni í nyt. Hver getur látið sér sjást yfir framfarir Íslendinga í stílsmekk frá 1750—1850, þó að vér megum ekki tímasetja Brand eftir

Geir biskup Vídalín með einni saman hliðsjón af stílnum í Minnisverðum tíðindum eða ritgerðir Tómasar Sæmundssonar eftir málfari þeirra jafnaldra hans, Jónasar og Konráðs?

Stíll Hrafnkötlu virðist mér hvergi, jafnvel ekki þar sem fljótast er yfir sögu farið, bera nein merki hins frumstæða frásagnarháttar alþýðlegra munnmæla, sem berlega kemur fram sums staðar í hinum eldri austfirzku sögum, Dropl. s. sögu og Vopnfirðinga sögu. Meira mótar fyrir áhrifum frá hinum lærða stíl, þó að ekki sé nema eins og slitur af gömlum viðjum. Yfirleitt nýtur hinn fullþroskaði, íslenzki sögustíll 13. aldar sín í bókinni. Nú er hún rituð í héraði, sem var afskekkt frá höfuðstöðvum sagnaritunarinnar, og af manni, sem varla hefur samið mikið annað, a. m. k. ekki neitt, sem enn er til. Það mætti því gera ráð fyrir, að sagan væri að stílfágun heldur á eftir en undan sínum tíma og rituð mjög seint á öldinni. Enda kemur það heim við önnur atriði, sem geta gefið bendingar um aldur hennar.

V. MANNLÝSINGAR.

Þess er áður getið, að í Hrafnkötlu er ekki lýst nema átta mönnum. Allir eru þeir auðkenndir, en þó er mjög misjafnlega til lýsinganna vandað, eftir því hlutverki, sem þeir hafa í sögunni.

Einar Þorbjarnarson kemur oss framar öllu fyrir sjónir sem leiksoppur örlaganna. Faðir hans segir honum ekki til, að hann skuli leita sér vistar, fyrr en komið er vor. Af því leiðir, að hann á ekki kost á öðru en gerast smalamaður, svo vel menntur sem hann er. Hann hefur gæðinginn Freyfaxa, sem honum er bannað að snerta, fyrir augunum allt sumar-

ið. Hvílík freisting slíkt er fyrir íslenzkan sveitapilt, munu allir þeir skilja, sem þekkja það yndi, sem er að ríða góðum hesti. Hann stenzt raunina lengi vel. En loksins, þegar honum sárliggur á góðum reiðskjóta og öll hin hrossin eru eins og töfrum tryllt, en Freyfaxi b i ð u r hann að ríða sér, stenzt hann ekki lengur mátið. Hann ríður hestinum óraleið — til þess að leita að ám, sem allan tímann hafa verið á næstu grösum við selið. Eftir að Freyfaxi er sloppinn úr höndum honum, heim að Aðalbóli, hlýtur Einar að vita, að hann er dauðadæmdur maður. En hann leitar ekki á flótta, gerir aðeins tilraun til þess að fresta hinu versta með því að segja Hrafnkeli fyrst frá óhappi sínu með ærnar, sem vantað hafði, en gengur síðan drengilega við yfirsjón sinni. Hrafnkell vegur hann þegar, og með því er hlutverki Einars lokið. Það var óþarft að bera meira í lýsingu hans. Ofríki örlaganna er leitt í ljós. Sök hans er ekki meiri en svo, að ofstopamanninum Hrafnkeli þykir þetta verk sitt í verra lagi. Og vér vitum nóg um Einar til þess að skilja betur tilfinningar föður hans en ella. Þorbjörn átti ekki aðeins eftir son sinn að mæla, heldur var þessi sonur líka vaskur drengur og gott mannsefni.

Svipaður Einari er Eyvindur Bjarnason, bræðrungur hans, sem líka fellur fyrir Hrafnkeli. En hann á auðugan föður, þarf ekki að leita sér vistar, heldur framast erlendis og gerist hið mesta glæsimenni. Örlögum hans ráða skipti þeirra Sáms bróður hans og Hrafnkels. Eyvindur er ekki óvitur. Þegar hann frétt-ir um uppgang Sáms, lætur hann sér fátt um finnast. Það er eins og í hann leggist, að skömm muni óhófs æfi. En hann vill ekki flýja fyrir Hrafnkeli, sem hann hefur ekki til miska gert. Hann vill ekki væna menn um illt að óreyndu og ekki fella blett á hugprýði sína. Hann verst ofureflinu drengilega og fell-

ur. Munurinn á kjörum hans og Einars frænda hans kemur fram í því, að Einar er höggvinn varnarlaus af húsbónda sínum, eins og sláturfé, en Eyvindur ver hendur sínar og vegur menn af Hrafnkeli, þó að hann beri ekki af honum sjálfum.

Allgreinileg andstæða er í lýsingum þeirra bræðranna, Bjarna að Laugarhúsum og Þorbjarnar að Hóli. Bjarni stýrir penningum miklum, en er hófsmaður. Hann ætlar sér ekki þá dul að deila af kappi við höfðingja, neitar bróður sínum um liðveizlu og skiptir sér ekki einu sinni af málunum, þó að Sámur sonur hans sé kominn í þau. Orðtak hans er: „Sá er svinnr, er sik kann". Þorbjörn á fé lítið, en ómegð mikla. En það er stærra í honum. Hann neitar hinum mestu kostaboðum, sem Hrafnkell gerir honum fyrir víg Einars sonar hans, af því að hann þolir ekki, að Hrafnkell skeri sjálfur og skapi bæturnar. Hann vill láta aðra menn gera um málið. Þegar Hrafnkell neitar því, eggjar Þorbjörn fyrst Bjarna og síðan Sám til þess að ganga í málið. En á alþingi bognar hann og finnur, að hann hefur reist sér hurðarás um öxl. Kemur þá svo, að hann grætur. Ekki leynir það sér, að Þorbirni er lýst með samúð í sögunni, og hvergi verður hann broslegur. Þar er fullur skilningur á harmi hans og metnaði, þó að umkomuleysið leyfi honum ekki að njóta þess stórlyndis, sem í raun og veru býr í eðli hans.

Aðalmannlýsing sögunnar er vitanlega lýsing Hrafnkels goða. Hann er ofstopamaður, hefur frá barnæsku vanizt því að fara sínar eigin götur, hefur lánazt allt og haldizt allt uppi. Honum þykir það hlægilegt, að Sámur skuli hafa tekið mál á hendur honum og skuli ríða til alþingis. Hann hefur engar gætur á því, sem fram fer á þinginu, fyrr en allt er um seinan. Eftir málalokin ríður hann heim, sekur maður, eins og ekkert hafi í skorizt. Honum kemur

ekki til hugar, að dóminum verði fram fylgt, lætur ekki halda vörð á bæ sínum og sefur fram yfir rismál morguninn, sem óvinirnir koma að Aðalbóli. Hann er óvinsæll, svo að mörgum mönnum þykir það vel farið, að hann fái makleg málagjöld ójafnaðar síns.

En ofsinn er ekki eini þátturinn í skapferli hans. Þess er getið, að hann hafi verið linur og blíður við sína menn (þ. e. a. s. nágranna sína, sem hann hafði gefið land í sjálfum Hrafnkelsdal). Hann tekur sér það nærri að verða að vega Einar og býður Þorbirni hinar höfðinglegustu bætur fyrir vígið. Þau sáttaboð eru mjög rækilega orðuð í sögunni og kemur fram í þeim raungæði og hugkvæmni. Er það nauðsynlegt, að hið drengilega í fari Hrafnkels komi skýrt fram í upphafi sögunnar, því annars væri erfiðara fyrir lesandann að sætta sig við uppreist hans að lokum. Hitt er fullskiljanlegt, ekki einungis eftir skaplyndi Hrafnkels, heldur líka metnaði hvers íslenzks höfðingja á þjóðveldistímanum, að hann þoli ekki að unna óbreyttum þingmanni sínum þess metnaðar að leggja málið í gerð.

Þegar Hrafnkell vegur Einar, á hann um tvo kosti að velja, og er hvortveggi illur. Annars vegar er eiður hans, hins vegar að vega heimamann sinn, sem er honum geðfelldur, fyrir litlar sakir. Þetta er algengt efnisatriði í fornbókmenntunum, bæði Eddukvæðum og sögum. Örlögin geta ekið mönnum í þær öngvar, að hermdarverk sé skásta úrræðið. Bolli verður að vega Kjartan fóstbróður sinn, Gísli Súrsson Þorgrím mág sinn, Flosi að brenna Njál og Bergþóru inni. En mikilmennin velja hiklaust, þó að þeim þyki verkin ill.

Miklu örðugra er samt fyrir Hrafnkel að kjósa um þá tvo kosti, sem Sámur setur honum: að hreppa skjótan dauða eða lifa við vansæmd, hrakinn og niðurlægður. Sóminn var samkvæmt lífsskoðun hetju-

aldarinnar mælikvarði manngildisins. Sómatilfinningin, að bíða enga hneisu, er uppistaðan í flestum deilum þeim, sem sögurnar fjalla um, og lyftir hinum lítilfjörlegu tilefnum upp í hærra veldi. Það er betra að deyja með sæmd en lifa við skömm. Hrafnkeli fer svo, að hann kýs lífið, mest vegna sona sinna, ef hann skyldi geta komið þeim til manns. En samt er hitt í því fólgið, að hann treystir á sjálfan sig, að hann geti síðar rétt hlut sinn og þurrkað af sér smánina. Hann velur hið erfiðara hlutskipti, þvert ofan í hetjuhugsjón aldar sinnar.

En einmitt við þessa raun vex hann, báðir eðlisþættir hans taka nýjum þroska. „Var nú skipan á komin á lund hans. Maðrinn var miklu vinsælli en áðr; hafði hann ina sǫmu skapsmuni um gagnsemð ok risnu; en miklu var maðrinn nú vinsælli ok gæfari ok hœgri en fyrr at ǫllu". Hann hefur tamið ofsann, kann sér betra hóf. Þetta kemur ljósast fram, þegar hann síðar á alls kostar við Sám. Hann segir þá upp gerð í málum þeirra, sem eftir atvikum er réttlát og skapleg. En kynni þau, sem hann hafði komizt í við ofurefli, gera hann í senn varkáran og miskunnarlausan. Eftir því, sem sagan lýsir uppgangi hans og ríki á Hrafnkelsstöðum, hefur ekki liðið á löngu þangað til hann hefði átt að geta sætt færi til þess að jafna á Sámi. En hann bíður. Hann veit, að Eyvindur, bróðir Sáms, er utanlands og líklegur til mikils þroska. Hann vill ekki eiga á hættu, að hann komi sér í opna skjöldu og hefni Sáms. Þetta er skýrt í orðum Þorgeirs Þjóstarssonar við Sám: „Er þat nú auðsét, hverr vizkumunr ykkarr hefir orðit, er hann (ɔ: Hrafnkell) lét þik sitja í friði ok leitaði þar fyrst á, er hann gat þann af ráðit, er honum þótti þér vera meiri maðr". Víg Eyvindar er fyrst og fremst öryggisráðstöfun. Hrafnkell drepur hefndina, möguleikann til hefnda, áður en hann vinnur það verk, sem hefnd hefði getað kom-

ið fyrir: að taka völdin af Sámi. Nú er hann orðinn svo öruggur, að hann getur farið vægilega með Sám. Hófsemi hans kemur líka fram í því, að hann leitar engra hefnda á Þjóstarssonum, svo mjög sem þeir höfðu til þess unnið. Í því er fólgin óbein viðurkenning þess, að meðferðin á honum hafi ekki verið fyrir sakleysi, hann hafi goldið þar ofsa síns og óvarkárni. Og þeir bræður sitja auk þess svo fjarri, að hefndin yrði torsótt og hættusöm. Eftir víg Eyvindar flýr hann fyrir Sámi, án þess að finnast skömm að því. Hann vill ekki hætta sér út í neina tvísýnu. Eyvindur gat ekki leyft sér að flýja fyrir Hrafnkeli. Hann er ekki nógu mikill maður til þess að gera það, sem „mörgum manni myndi hlægilegt þykja". Hrafnkell getur leyft sér að flýja, því að full uppreist er fram undan. Og í þetta sinn sefur hann ekki fram yfir rismál. Sámur stefnir mönnum að sér að morgni. Hrafnkell safnar liði þegar um kvöldið, fer vestur yfir heiði um nóttina og tekur Sám í rekkju.

Harðneskja Hrafnkels kemur fram í vígi Eyvindar, sem hann á engar beinar sakir við. „Hann hafði engi orð við Eyvind ok veitti þegar atgongu". Hann léttir ekki fyrr en Eyvindur og allir förunautar hans eru dauðir. „Var þat trúliga gǫrt". Nú er honum engin iðrun í skapi, eins og eftir víg Einars. Hann segir við Sám: „Fyrir Eyvind, bróður þinn, skulu engar bœtr koma, fyrir því at þú mæltir herfiliga eptir inn fyrra frænda þinn".

Það er fátítt í íslenzkum fornsögum, að þroskaferli manns sé lýst svo gjörla sem hér og höfundur láti það svo greinilega í ljós, að hann veit, hvað hann er að fara. Snorri gerir það í Ólafs sögu helga, þar sem hann steypir heild úr tvenns konar skilningi fyrri manna með því að skýra, hvernig reynsla og mótlæti gerir heilagan mann úr stríðlátum víkingi.[1]) Það

1) Nánara skýrt í riti mínu um Snorra Sturluson, 217—219.

verður víst seint gengið úr skugga um, hvort höfundur Hrafnkötlu hefur þekkt verk Snorra eða ekki, en furðu mikill skyldleiki við sumar mannlýsingar Snorra kemur fram í því, hvernig hann raðar andstæðum saman: Bjarna og Þorbirni, Hrafnkeli og Sámi, en einkum Þorgeiri og Þorkeli. Eg vil heldur ekki fullyrða neitt um, að hann hafi þekkt Heiðarvíga sögu og Eyrbyggju. En það er ekki alls ómerkilegt að minnast þeirra Víga-Styrs og Snorra goða til samanburðar við lýsingu Hrafnkels. Um Hrafnkel er það sagt í upphafi sögunnar, að hann „stóð mjǫk í einvígjum ok bœtti engan mann fé". Eyrbyggja segir um Styr: „hann vá mǫrg víg, en bœtti engi". Þetta er eins konar tilvísun í Heiðarvíga sögu, þar sem sagt hefur verið rækilega frá einstökum vígaferlum Styrs. Það virðist augljóst, að höfundur Hrafnkötlu hefur engar sagnir haft um þessi fyrri vígaferli Hrafnkels, og í raun og veru er það ósennilegt, að slíkur höfðingi hafi einkum staðið í e i n v í g u m, í stað þess að neyta liðskostar síns. Styr er miklu ósamsettari en Hrafnkell í ofsa sínum og ójöfnuði. Þarf ekki annað en minna á storkunarorð hans við umkomuleysingjann Gest Þórhallsson um lambið gráa og bótaboð Hrafnkels eftir Einar til þess að sýna muninn. Samt gæti Styr hafa verið fyrirmynd, sem höfð hefði verið hliðsjón af við þennan þátt í lýsingu Hrafnkels, og þó verið vikið frá, af því að lengra var stefnt með lyndisþroska hans. Með aldrinum líkist Hrafnkell aftur á móti talsvert Snorra goða: sama varkárnin, hófsemin, miskunnarleysið. Hvorugum er lýst sem neinni hetju. (Hrafnkell fer að þeim Eyvindi fimm við átjánda mann og missir tólf á fundinum, en flýr síðan fyrir Sámi.) Í lýsingu beggja er nokkur kuldi, en samt aðdáun. Allt getur þetta verið tilviljanir. En það er ekki óeðlilegt, að saga, sem er tómur skáldskapur, eins og Hrafnkatla er, geti beinlínis og óbeinlínis átt eitthvað

af kveikju efnisins að þakka eldri sögum um sannsögulegri atburði.

Sámi er lýst með dálítilli kímni, en þó er höfundinum þelgott til hans. Sámur er ekki smámenni, hann er djarfur og stórhuga, metur virðinguna mikils, er nógu stórlátur til þess að hafna gjöfum Þjóstarssona, þegar þeir neita honum um liðveizlu í sögulokin. En hann er ekki borinn til höfðingja. Upphefð hans er ekki annað en duttlungur örlaganna, sem hann kann ekki með að fara. Til þess skortir hann vitsmuni, raunsæi og samkvæmni. Þegar hann hefur borið sigur úr málunum á alþingi, er hann ánægður, þó að þessi sigur sé sýnd, en ekki reynd. „Beðit þykkir mér Hrafnkell hafa sneypu, er lengi mun uppi vera, — — ok er þetta við mikla fémuni". Hann brestur hörku til þess að taka Hrafnkel af lífi, þegar hann hefur hann á valdi sínu, skilur það ekki, að hann getur aldrei verið óhultur fyrir Hrafnkeli eftir viðskipti þeirra. Honum fer við Hrafnkel líkt og Sturlu Sighvatssyni við Gissur í Apavatnsför. Það er ofgert og vangert í senn. Hann er varaður við: „muntu þessa mest iðrask, er þú gefr honum líf". Sámr kvað þá svá vera verða". Honum er þetta ósjálfrátt, enda talar Þorgeir síðar bæði um vizkuleysi hans og gæfuleysi, er hann minnist á það. Þorgeir hefur beðið hann að vera varan um sig, „því at vant er við vándum at sjá". En Sámur kann ekki að ugga að sér. Hann fer laglega með völd sín, en hann vex ekki eins við ábyrgðina og Hrafnkell við mótlætið.

Eins og þeim mönnum hættir við, sem stefna út yfir þau takmörk, sem þeim eru sett, brúar Sámur bilið milli drauma og veruleika með talsverðu yfirlæti. Að þessu hendir höfundur stundum gaman. Þorbjörn karl segir við Sám: „Þú ert hávaðamestr ór ætt várri". Sámur þykist af lögkænsku sinni: „Styrk þurfum vit af hǫfðingjum, en málaflutning á ek undir mér". Hann

kann ekki að dylja gleði sína, er honum hefur verið heitið liðveizlu, þó að hyggilegra væri að láta á engu bera. Eftir málalokin gengur hann um á þinginu „mjǫk uppstertr". Þorgeir leiðir honum fyrir sjónir, hvernig nú muni fara skipti þeirra Hrafnkels heima í héraði. „Aldri hirði ek þat", segir Sámur. „Hraustr maðr ertu", segir Þorgeir, en á í raun og veru við, að hann sé fáráðlingur.

Merkilega er þeim Þjóstarssonum lýst í fáum og sterkum drættum. Þorkell er örgerður, brjóstgóður, lítt reyndur, fús til stórræða, að leggja í tvísýnu („hefir sá jafnan, er hættir"). Þorgeir er gætinn, ráðsettur, seintekinn, en öruggur, ef hann lætur til skarar skríða, raunsær og miskunnarlaus. Einkenni þeirra eru svo skýr, að á einum stað má leiðrétta texta handritanna eftir því. Það hlýtur, samkvæmt öllu eðli þeirra bræðra, að vera Þorgeir og ekki Þorkell, sem varar Sám við að gefa Hrafnkeli líf. Enda staðfestist þetta af því, sem síðar kemur, er einmitt Þorgeir segir við Sám: „Hefir þat farit eptir því, sem e k ætlaða, — — at þess myndir þú mest iðrask".

Einkennilegasta atriðið í sögunni er ráðagerð Þorkels um liðsbón Þorbjarnar karls, að hann skuli komast í kynni við Þorgeir með því að grípa sem harkalegast í veika fótinn á honum sofandi og vita, hvernig honum verði við. Þorbirni finnst þetta heldur óráðlegt og líklega ýmsum lesöndum lítt skiljanlegt eða út í bláinn. En höfundur Hrafnkötlu veit oftast nær, hvað hann syngur, og þó aldrei betur en þarna.

Hugsum um fyrri viðskipti þeirra bræðranna, með því skaplyndi þeirra, sem að framan er lýst. Alla tíð, frá því að þeir voru smásveinar, hefur yngri bróðirinn, Þorkell, verið að koma með uppástungur um smáræði og stórræði, sem þeir skyldi hætta sér út í. Og allt af hefur bróðir hans þumbazt á móti með blákaldri skynsemi og óhagganlegu hæglæti. Og bilið

hefur enn þá aukizt milli þeirra, meðan Þorkell hefur verið utan, einhleypur, áhrifanæmur og æfintýragjarn, en Þorgeir setið heima, stýrt búi og ríki, orðið gætnari og íhaldssamari við hversdagslega reynslu. Þorkell hefur brunnið í skinninu að koma þessum mannvitsdrangi út úr jafnvægi. Orðin ein hafa reynzt ónóg. Þau urðu ekki nema eins og bárur við klett, sem leystust upp í löður við rök eða þögn. En nú var höggstaður á Þorgeiri, hann kenndi til í fætinum og gat kennt meira til, ef vel var hnykkt í. Og væri hann einu sinni kominn í geðshræringu, var ekki vonlaust að orka á tilfinningar hans, láta hann gleyma þessari óþolandi dómgreind um stundar sakir. Það er auðveldara að fá mann til þess að sveiflast frá einni tilfinningu til annarar en vekja tilfinningu upp úr þurru afskiptaleysi. Það var ekki til neins að ætla sér að koma Þorgeiri út í aðra eins fjarstæðu og liðveizlu við kotkarl af Austfjörðum gegn goða hans, háskalegum mótstöðumanni, með skynsamlegum fortölum. Hitt var heldur vegur, að láta hann fyrst ganga af göflunum, verða fjúkandi, og bíða svo eftirkastanna. Það var áhætta, en Þorkell var fús að reyna hana. Hann snarast inn í búðina, um leið og Þorgeir er vaknaður við vondan draum, og byrjar ræðu sína. Þorgeir gerir fyrst þá skynsamlegu athugasemd, að hann hafi ekki drepið son karlsins, svo að hann þurfi ekki að hefnast á tánni á sér. En Þorkell lætur dæluna ganga, leikur á alla strengi hjá bróður sínum, þangað til hann fær sitt mál fram.

Til samanburðar er svo frásagan af heimsókn Sáms, undir lok sögunnar. Þorkell er heima, en „Þorgeirr hafði meir svor fyrir þeim brœðrum í þat sinni". Þorkell segir ekki neitt, hvað sem hann kann að hafa hugsað. En nú er Þorgeir eins og hann á að sér, og það er ekki nema blákalt vitið, sem að Sámi snýr.

Það ætti að vera óþarfi að setja á langar ræður um það fyrir þá lesendur, sem nokkuð þekkja til bókmennta, hvort slíkar mannlýsingar sem þessar sverja sig fremur í ætt til skáldskapar eða arfsagna. Walter Scott hefur ágætlega lýst þeim aðalmun, sem honum fannst vera á sannsögulegri frásögn og skáldlegu listaverki: „Í lífinu kemur margt fyrir okkur, sem við getum ekki rakið til raunverulegra orsaka né uppruna, og ef við ættum að benda á skýrasta mismuninn á sannri sögu og tilbúningi, mundum við segja, að sanna sagan væri óskýr, margræð og leyndardómsfull, þegar um dýpstu orsakir atburðanna er að ræða, en í skáldsögunni er skylda höfundarins að gera fulla grein fyrir orsökum atburða þeirra, er hann hefur sagt frá, — í stuttu máli: gera grein fyrir öllu".[1]) Mannlýsingar Hrafnkötlu eru með afbrigðum skýrar. Þó að höfundurinn trúi á örlögin, mótast hlutskipti aðalpersónanna jafnframt af eðli þeirra og skaplyndi. Atburðirnir spretta upp af mannlegum einkennum, svo að oft verður ekki greint að, hvað eru sköp og sjálfsköp. Persónurnar lifa sínu eigin lífi, þær eru ekki leikbrúður í hendi höfundar, sem laga sig einungis eftir gangi sögunnar, eins og í reyfarasögum. En þær vaxa honum samt ekki yfir höfuð, svo að í þeim verði neitt óskýrt, torráðið eða ósamkvæmt. Það er eins og hvert orð og atvik sé nákvæmlega vegið og hnitmiðað eftir hagfræði listarinnar. Yfirsýn mannlegs þroska og djörfung í sálarlífsskýringum fer langt fram úr hinum brotakenndu og einföldu persónulýsingum þjóðsagna og munnmæla. Efnið, sem valið er til frásagnar, er takmarkað með svo glöggu listamannsauga, og því er svo haglega skipað, að lesandanum finnst hann hafa lesið heila æfi-

1) Tilvitnunin eftir: Knut Liestöl, Uppruni Íslendinga sagna, Reykjavík, 1937, 75.—76. bls.

sögu, þó að það sé í raun og veru ekki nema einn þáttur úr æfisögu. En frá þeim þætti er svo gengið, að hann sýnir öll einkenni og örlög aðalpersónunnar og þeirra aukapersóna, sem yfirleitt koma við söguna. Þetta er tækni sérstakrar skáldsagnagreinar, sem er enn fágætari en bóksagan eða smásagan. Það væri út af fyrir sig skemmtilegt viðfangsefni að bera tækni sögunnar saman við efnismeðferð einhverra frægustu verka af sama tagi, t. d. Michael Kohlhaas eftir Kleist. Eg hygg, að þá myndi koma í ljós, að Hrafnkatla er, þegar á allt er litið, ein hin fullkomnasta stutta bóksaga (short novel), sem til er í heimsbókmenntunum.

VI. NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR.

Niðurstöðurnar af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið hér að framan, má nú draga saman í stutt mál.

Aðalviðburðirnir, sem Hrafnkatla segir frá, hafa aldrei gerzt: hrakningur Hrafnkels frá Aðalbóli, uppgangur hans á Hrafnkelsstöðum, endurheimt hins fyrra ríkis hans. Tvær af aðalpersónum sögunnar, þeir Þjóstarssynir, hafa ekki verið til. Ýmis önnur minni háttar atriði, sem skipta þó talsverðu máli: faðerni Hrafnkels, upphaf ríkis hans og nafnið á bústað hans, að vígsmálið eftir Einar hafi farið beint til alþingis o. s. frv. — reynast eftir samanburð við traustari heimildir að vera ranghermd í sögunni. Önnur atriði, sem verður ekki við komið að prófa eftir öðrum heimildum (víg Einars og Eyvindar og það, sem yfirleitt er sagt frá þeim frændum), eru svo nátengd hinu uppspunna efni, að á þau verður ekki frekari trúnaður lagður. Enda

væri það gagnstætt heilbrigðri skynsemi og almennri reynslu, að hanga í trú á aukaatriðin, eftir að aðalatriðin hafa brugðizt. Það væri svipuð vörn og að hætta að verja sjálfa múra víggirtrar borgar og ætla sér að veita viðnám í lélegum hjöllum innan þeirra. Ef vér t. d. hættum að trúa því, að Njálsbrenna hefði átt sér stað, yrði ekki álitlegt að halda því fram, að ýmislegt af því, sem sagt væri frá tildrögum og afleiðingum brennunnar, kynni samt að hafa gerzt, — en í sambandi við aðra tilburði. Hitt munu nú orðið flestir fúsir að viðurkenna, að þótt brennan sé atburður, sem engin ástæða er til þess að efa, þá sé einmitt flest af því, sem Njála segir um atvikin að henni, með öllu óáreiðanlegt. Þegar það hefur verið viðurkennt, að Hrafnkell og synir hans hafi verið til, en Króka-Refur ekki, þá er lítill munur á Hrafnkötlu og Króka-Refs sögu sem sögulegum heimildum, nema hvað Hrafnkatla er betri og raunsærri skáldskapur.

Sagan vísar hvergi til munnlegra frásagna, ber þess heldur engin merki að vera runnin frá munnmælum, er að samsetningu og efnismeðferð ólík þeim sögum, sem háðastar virðast alþýðlegum sögnum. Það er gild ástæða til þess að halda, að höfundurinn hafi um sumt vísvitandi vikið frá heimildum, sem hann þekkti og hlaut að telja sannari, með öðrum orðum, að sannindi sögunnar hafi legið honum í léttu rúmi. Hrafnkatla ber að samsetningu, frásagnarhætti og mannlýsingum öll einkenni ágætrar skáldsögu. Fyrir þá, sem vilja halda því fram, að hún sé mynduð í munnmælum, er ekki nema um tvo kosti að velja: annaðhvort að gera sig starblinda á listina í sögunni, hina frábæru tækni og hinn djarfa og djúpsæja skilning efnisins, — eða að gerbreyta öllum þeim hugmyndum, sem menn hafa um þjóðsagnir og hver takmörk þeim eru sett, um sálarlíf og sálarfræði alþýðu manna. Til þess að fá

þar efni til samanburðar þarf ekki að lúta svo lágt að athuga „ættasögur“ hinnar bóklausu norsku alþýðu. Það má taka íslenzkar sagnir frá seinni öldum, eins og t. d. Gísli Konráðsson hefur fært þær í letur, þar sem bæði heimildarmenn hans og þó enn framar hann sjálfur höfðu bókmenningu sjö undanfarandi alda og þar á meðal fornsögurnar við að styðjast til hliðsjónar um skilning og meðferð efnisins.

Því virðist það eðlilegast og jafnvel einsætt, að Hrafnkatla sé verk eins höfundar, sem ætlaði sér alls ekki að segja sanna sögu, heldur að semja skáldrit, — manns, sem í senn var gæddur ríku ímyndunarafli, mannþekkingu og skáldlegri djörfung og var lyft til flugs af einhverri voldugustu bókmenntahreifingu, sem sögur fara af. Honum lánaðist að skapa verk, sem hefur til síns ágætis flest eða allt það bezta, sem einkennir íslenzka söguritun á blómaskeiði hennar, um leið og hann vitanlega er háður takmörkunum þessarar bókmenntagreinar.

Um höfundinn sjálfan skal hér ekki mikið fjölyrt fram yfir það, sem ráðið verður af sögunni um hæfileika hans og menntun. Finnur Jónsson hugði, að hann hefði verið klerkur, og virðist einkum ráða það af því, sem sagt er um hofsbrennuna á Aðalbóli og hvernig Hrafnkell bregzt við fréttinni um hana. En það væri varhugavert að gera ráð fyrir, að kristilegur hugsunarháttur, sem auk þess ber ekki mikið á í sögunni, hefði á síðara hluta 13. aldar verið einkaeign andlegrar stéttar manna, og þau lítilfjörlegu áhrif frá lærðum stíl, sem koma fram í sögunni, eru gagnslaus vitni um stétt höfundarins. Miklu líklegra má telja, að hann hafi verið í höfðingjatölu, vanur málafylgjumaður, sem hafði kynnzt tafli og teflöndum liðsöflunar og valdastreitu bæði af eigin reynd, athugun og íhugun, roskinn maður og ráðinn. Það

má telja víst, að hann hafi verið kunnugur á Þingvelli, þótt hann lýsi staðnum ekki meir, og sennilegt þætti mér, að hann hefði sjálfur riðið þá leið til alþingis, sem Sámur er látinn fara í sögunni. Allar líkur benda til þess, að hann hafi átt heima í grennd við stöðvar sögunnar og helzt í Fljótsdal, enda er við það miðað, er Hrafnkell fer til þings, hve margar dagleiðir sé úr Fljótsdal á Þingvöll, en ekki úr Hrafnkelsdal. Hann þekkir syðri leiðina af Austfjörðum til alþingis, „rétta þingmanna leið á Síðu", leiðina norður um land allt í Ljósavatnsskarð, auk leiðar Sáms um fjöllin. Ef hann hefur farið þá leið „yfir brú", myndi hann af Fljótsdalsheiði hafa séð fjallið fyrir ofan Aðalból, afstöðu bæjarins og geilarnar, en ekki bæinn sjálfan og grundirnar niður að ánni. En hann hefur aldrei átt neitt erindi í Hrafnkelsdalinn sjálfan, enda er allt, sem um staðháttu þar er sagt í sögunni, annaðhvort rangt eða gert eftir ágizkunum (t. d. um Grjótteigssel og umhverfi þess) og lauslegum lýsingum annara manna. Aldur sögunnar má ráða af ýmsum líkum. Hún hlýtur að vera samin eftir lok þjóðveldisins og setningu nýrra laga. Því gerir höfundur sér far um að skýra forn lög og réttarfar fyrir lesöndum sínum, en fer þar hirðuleysislega með það, sem hann tekur ekki beint úr eldri lögbókum. Það kynni að gefa frekari bendingu um aldur sögunnar, að hinn víðlesni höfundur Njálu, sem allkunnugur hefur verið um Austfirði, virðist ekki hafa þekkt hana. Og það kæmi vel heim við stöðu hennar í bókmenntunum, að hún væri rituð um líkt leyti og Njála, á síðasta fjórðungi 13. aldar.

Ef nokkur tilgangur væri í sögunni, annar en sá að semja gott skáldrit, kemur aðeins eitt atriði til mála: að höfundi hafi verið í mun að halda því fram, að Fljótsdælagoðorð væri eign afkomanda Hrafnkels frá upphafi. En um höfðingjaskipun, ættir og átök

þeirra um völd með Austfirðingum á þeim tíma, sem sagan virðist vera rituð, eru ekki nægar heimildir til þess, að gerlegt væri af þessu að gizka á neinn ákveðinn mann, þótt um slíkan tilgang væri að ræða.

Þá er að víkja að því, hvort af þessum niðurstöðum um Hrafnkötlu verði dregnar nokkurar almennar ályktanir um Íslendinga sögur.

Þó að hér hafi ekki verið rúm til þess að gera samanburð á Hrafnkötlu og öðrum sögum, svo að neinu nemi, hefur verið reynt að láta það koma skýrt fram, að allar sögur mætti ekki mæla á einn kvarða, hvorki um sannindi, heimildir né efnismeðferð. Það er skoðun mín, sem eg hef fengið staðfesta hvað eftir annað, að hverja sögu beri að rannsaka sem gaumgæfilegast út af fyrir sig. Þótt þær heyri allar til einnar bókmenntagreinar og hin sameiginlegu einkenni liggi í augum uppi, skipta sérkenni hverrar sögu enn meira máli, bæði til þess að skilja hana sjálfa og til þess að fá yfirlit um þessa bókmenntagrein í heild og hverjum breytingum hún tók. Það væri jafnfráleitt, að ætla sér að kveða upp víðtæka dóma um sögurnar eftir athugun einnar þeirrar, eins og hitt, sem meir hefur brunnið við, að búa sér til almenna skoðun um þær og heimfæra hana síðan upp á hin ólíkustu verk.

Samt er ekki loku fyrir það skotið, að nokkuð megi af þessum athugunum læra, sem að gagni má koma við rannsóknir annara Íslendinga sagna. Að minnsta kosti fór mér svo, er eg fyrst gerði mér grein fyrir eðli og uppruna þessarar sögu, að þá högguðust enn meir en áður ýmsar kenningar, sem mér höfðu verið innrættar frá æsku. Það eru einkanlega þrjú atriði, sem rétt virðist að benda á í því sambandi:

1) Hrafnkatla hafði fram að þessu verið talin til hinna áreiðanlegustu Íslendinga sagna, um sumt verið

tekin fram yfir sjálfa Landnámu. Að mestu leyti hafði þetta verið tekið trúanlegt, rannsóknarlaust, út frá almennum skoðunum: sagan var reist á arfsögnum, því hlaut hún að eiga rætur sínar að rekja til sögulegra atburða; — sagan var, að frá teknum nokkurum smáatriðum, áreiðanleg, en það sýndi aftur traustleik arfsagnanna. Í einstökum atriðum hafði þó verið reynt að færa rök að sannindum sögunnar, einkum út frá örnefnum og bæjanöfnum og með dálitlum fornleifarannsóknum. Þarna var flest reist á trú, en ekki skoðun, og þar sem skoðunin kom til, var hún líka reist á trú (haugur Hrafnkels) eða löguð eftir trúnni (Freyfaxahamar o. s. frv.). En var nú við því að búast, að almennar niðurstöður fræðimanna um Íslendinga sögur væri gildar, ef forsendurnar voru víða af þessu tagi, er þeim gat skjátlazt svona greypilega um einstaka sögu? Þegar eg stundum hér að framan hef gripið á veilum eða fjarstæðum í ritum ýmissa eldri fræðimanna um söguna, jafnvel Sigurðar Vigfússonar, hefur það ekki verið af neinni löngun til að gera lítið úr þessum mætu mönnum. Það hefur verið gert í viðvörunar skyni, því að mikið af trúnni á sannindi Íslendinga sagna er reist á röksemdum, sem eru álíka haldlitlar, ef þær eru krufðar til mergjar.

2) Hrafnkatla er sú Íslendinga saga, sem mér hefur reynzt auðveldust að muna og endursegja til skemmtunar. Hún hefur líka þráfaldlega verið tekin sem ljómandi dæmi hinnar munnlegu sagnalistar. Það getur hver sem vill spreytt sig á því að endursegja Hrafnkötlu og Droplaugarsona sögu (sem sjálf hefur inni að halda vitnisburð um að vera rituð eftir frásögn eins manns, þó að þau ummæli megi skýra á fleiri vegu og um þau deila) og reyna, hvor er þjálli í meðförum. Fer það þá að verða svo fjarstætt að halda, að ýmislegt það í fornsögunum, sem nútíma-

mönnum hefur virzt gefa skýrasta hugmynd um munnlega sagnaskemmtun, sé orðið til á svipaðan hátt og Hrafnkatla: skáldsagnaritun á svo háu þroskastigi, að það villir mönnum sýn, orkar á lesandann sem hin fullkomna munnlega frásögn, eins og hún ætti að hafa verið?

Finnur Jónsson hefur vel séð ágæti Hrafnkötlu: „Med hensyn til sin komposition er sagaen et mesterstykke, en ren perle blandt slægtsagaerne", segir hann m. a. En svo bætir hann skömmu síðar við þessari óheyrilegu setningu: „at kompositionen forbyder at sætte sagaen til en senere tid end omkring 1200, er en afgjort sag; den kan godt være ældre".[1]) Nú kemst Finnur ekki hjá því að tímasetja sum sagnarit nærri réttu lagi. Hann verður að viðurkenna, að konungasögur Snorra sé til orðnar á árunum 1225—35, að Njála í sinni núverandi mynd sé ekki eldri en frá tímabilinu 1250—80. Hann telur Hænsa-Þóris sögu frá síðara helmingi eða síðasta fjórðungi 13. aldar, Grettis sögu frá því um eða eftir 1300. Samt sem áður getur Hrafnkatla vegna hinnar meistaralegu samsetningar ekki verið yngri en 1200. Listin að setja vel saman sögu var ekki lengur til, þegar hinar áður nefndu Íslendinga sögur voru ritaðar, ekki einu sinni þegar Snorri var að klambra sínum ritum saman, — höfundur Hrafnkötlu þarf endilega að vera samtímamaður Odds Snorrasonar og Gunnlaugs Leifssonar! Um Íslendinga sögur gildir ekki nema ein regla: í upphafi var fullkomnunin, síðan fer öllu hnignandi. Hefur nokkur maður tekið slíkt trúanlegt? Meira en svo. Þegar Heusler, eins og áður er getið, telur Hrafnkötlu „að líkindum snemma ritaða", hefur hann varla mikið annað við að styðjast en bókmenntasögur þeirra Finns og Mogks. Og það varð tæplega önnur álykt-

1) Litt. hist. II, 516, 517.

un dregin af skoðun Finns, að saga væri því fyrr rituð sem hún væri betur samin, en sú, sem Heusler gerði: að sögurnar hefði náð fullum listarþroska í munnmælunum. En ályktanir af svo hæpnum forsendum hljóta að gjalda undirstöðunnar, þó að þær sjálfar sé rökréttar.

3) Það hefur verið almennt viðurkennt, að milli sannra sagna og lygisagna, þeirra sagna, sem runnar væri af gömlum arfsögnum, og hinna, sem væri uppdiktaðar af riturum, mætti greina á ofur-auðveldan hátt. Lygisögurnar kæmi upp um sig sjálfar. Þær væri fullar af öfgum og ýkjum, ófrumlegar, efnið tínt saman úr ýmsum áttum, úr æfintýrum, erlendum riddarasögum, fornaldarsögum o. s. frv. Mannlýsingarnar væri sviplausar, steyptar í sama móti, ýmist skuggalausar eða allt biksvart. Það hefði verið eindreginn vilji allra höfunda eða „ritara" Íslendinga sagna að skrásetja ekki annað en það, sem þeir hugðu satt og rétt, þangað til veröldin tók að spillast, „um og eftir 1300". Þar sem út af því brygði, væri það að kenna brjáluðum munnmælum, eins og t. d. í Hænsa-Þóris sögu.[1]) Enginn almennilegur maður hefði viljað skrökva neinu né kunnað að gera það sæmilega. En Hrafnkatla virðist sterklega benda til þess, að íslenzkri skáldsagnagerð í fornöld hafi ekki verið þessi takmörk sett, að fleiri sögur geti verið skáldsögur en þær, sem eru vondar skáldsögur. Þessi gamli og góði prófsteinn á sögurnar reynist ekki öruggur til þess að skera úr því, hvernig þær eru orðnar til. Finnur Jónson hefur rökstutt sannindi Gunnlaugs sögu á ofur-einfaldan hátt: „At de fortalte be-

1) Í formála mínum fyrir þessari sögu (í Borgfirðinga sögum) hef eg sýnt fram á, að höf. hennar hefur vísvitandi vikið frá Íslendingabók, á svipaðan hátt og höf. Hrafnkötlu frá Landnámu.

givenheder i alt væsentligt er rigtige, er der ingen grund til at betvivle; de lider ikke af nogen indre usandsynlighed i og for sig".[1]) Ætli Hrafnkatla stæðist ekki sæmilega prófið, ef hún væri dæmd „út af fyrir sig", án samanburðar við aðrar heimildir? Myndi hún ekki að öllu samanlögðu vera talsvert sennilegri og raunsærri en Gunnlaugs saga?

Þó að undarlegt kunni að virðast, hefur það fram til þessa verið heldur óþokkasælt verk á Íslandi, og jafnvel hjá ýmsum erlendum fræðimönnum, að bera brigður á „sannfræði" Íslendinga sagna. En eg held, að það sé misskilningur að amast við slíkum rannsóknum, ef þær eru gerðar með gætni og fara ekki út yfir takmörk þess, sem ræða má með nokkurum rökum. Það eru einkum tvö atriði, sem andstæðingar þessara rannsókna hafa í huga.

Annað er það, sem mætti kalla heimilda-sjónarmiðið. Ef vér hættum að treysta því, að öll aðalatriði í sögunum sé runnin af arfsögnum og þessar arfsagnir sé yfirleitt áreiðanlegar, þá verðum vér um leið að viðurkenna, að vér vitum minna en vér höfum haldið um viðburði, menningu og hugsunarhátt á söguöldinni, og líka minna um þá menningu, sem er á milli sögualdar og ritunartíma sagnanna og á að hafa borið svo glæsilega ávöxtu í geymd fornra minninga og snilld í meðferð þeirra. En ef menn eru í raun og veru að leita öruggra heimilda um söguöldina, þá er vant að sjá, hverju þeir eru bættari með því að vilja ekki horfast í augu við veruleikann, leita að veilunum ekki síður en hinu traustara. Þeir, sem öllu vilja trúa, leggja vopnin beint upp í hendur hinum, sem öllu vilja neita. Ari Þorgilsson talar um heimildarmenn,

---

1) Litt. hist. II, 415; leturbreytingin er mín.

sem hann kallar óljúgfróða og ólygna. Hann virðist hafa vitað, að til voru þeir, sem hvorki voru sannfróðir né vandir að meðferð þess, er þeir höfðu heyrt. „Trúa því margir, er logit er, en tortryggja þat satt er", segir höfundur Hrafns sögu. Einmitt þetta tvennt getur leitt hvort af öðru. Vér verðum eftir því, sem kostur er á, að greina hið ósanna frá, ef vér viljum ekki missa það, sem sannara reynist, úr greipunum. — Og íslenzk fornmenning missir einskis í, þó að vér neyðumst til þess að eigna höfundum frá 13. öld margt af því, sem áður hefur verið þakkað sagnamönnum 11. og 12. aldar.

Hitt sjónarmiðið á ekki neitt skylt við vísindalegan áhuga, heldur annars konar tilfinningar. Það er að öðru jöfnu skemmtilegra að lesa sanna sögu en tilbúna. Hin meistaralega frásögn Grettlu um viðureign Grettis við Glám verður enn áhrifameiri, ef vér trúum ekki einungis á drauga, heldur trúum því líka, að Grettir hafi fengizt við þennan tilgreinda draug — og svo magnaðan sem sagan segir. Það er metnaðarmál fyrir ýmsa, að Íslendingar hinir fornu hafi skarað svo fram úr öðrum mönnum sem sögurnar herma: að unglingurinn Björn Arngeirsson hafi fellt Kaldimar kappa, Egill Skalla-Grímsson átt drýgstan þátt í að vinna orustuna á Vínheiði o. s. frv. En eru ekki afrek Egils á Vínheiði lítils verð í samanburði við margt annað, sem vér getum vitað um hann með meiri vissu, ef vér kunnum að lesa vísur hans og kvæði með sæmilegum skilningi? Og lýsing söguhöfundarins á Agli er andlegt þrekvirki, þótt henni sé ekki sporðrennt sem bláberum sögulegum sannindum. Eða myndi það ekki í rauninni vera heldur léleg skipti að fá skilorða „æfiminningu" Grettis heitins Ásmundarsonar í stað Grettis sögu? Sannindi geta verið með ýmsu móti, og sannleikurinn um lífið sjálft liggur oft ljósara fyrir

í skáldskapnum en fróðleiknum eða jafnvel sagnfræðinni.

Mér þykir alveg jafnvænt um Hrafnkötlu, þó að eg geti ekki lagt sams konar trúnað á hana og áður. Hrafnkell er jafnraunverulegur í mínum augum, þó að hann hafi aldrei búið á Hrafnkelsstöðum, eins og Hamlet er það, þó að Shakespeare láti hann eiga heima á Helsingjaeyri, svo mikil fjarstæða sem það er. Það má vel vera, að allt, sem Landnáma segir frá Þormóði Þjóstarssyni, sé rétt og nákvæmt. En hver myndi yfirleitt hirða um Þormóð þann, að undanteknum ættfræðingum, ef hann hefði ekki átt sér þessa bræður, sem sköpuðust í höfði snillings austur á landi, hafa aldrei verið til, en eru jafneilífir fyrir því?

Um þjóðarmetnaðinn er það að segja, að í skarð þess, sem kann að saxast á hróður vígamanna og kraftamanna sögualdar, koma nýir afreksmenn, sem hingað til hefur verið skotið í skuggann: höfundar sagnanna. Er skaði að þeim skiptum? „Vöxtur og aflið víða fer, vitið þó fyrir öllu er", sagði Páll lögmaður. Það er líka nokkurs vert fyrir Íslendinga að hafa átt þá menn, sem skrifuðu slíkar bækur — og vissu, hvað þeir voru að gera. Eg held, að það sé eins dæmi í sögu bókmenntanna, að öðrum eins snillingum hafi verið goldin verk sín með svo frámunalegu vanþakklæti. Finnur Jónsson fekk hálfgert óorð á sig fyrir að dirfast að nefna þá „höfunda", og hann gerði bót og betrun með þessum orðum: „Naar man saaledes indrømmer den mundtlige meddelelse (tradition) en overvejende betydning baade m. h. t. indhold og dettes faste form — hvad jeg altid har gjort — kan den opfattelse dog hævdes, at nedskriveren ogsaa kan have haft betydning, at han ikke har været en rent meka-

nisk skriver“ o. s. frv.[1]) Er það furða, þó að Paul V. Rubow segi: „Man maa forbauses over de senere islandske filologers totale miskendelse af deres forfædres digteriske genius og skabende evne“.[2]) Þessi orð Rubows get eg tekið undir af heilum huga, þó að eg sé ekki samdóma ýmsu öðru, sem hann heldur fram um aldur og uppruna Íslendinga sagna í grein sinni.

Þær rannsóknir á efni Íslendinga sagna, sem í raun og veru hefjast með ritgerð Konráðs Maurers um Hænsa-Þóris sögu, var haldið áfram í svipuðum anda af Birni M. Ólsen (einkum í ritgerð hans um Gunnlaugs sögu), en nú er loks reynt að þoka áleiðis í samfellu í sambandi við útgáfur Hins íslenzka Fornritafélags, — hafa jafnan siglt milli skers og báru. Á báðar hendur hafa verið skoðanir manna, sem vildu leysa viðfangsefnið á einfaldara hátt. Annars vegar hefur verið rótgróin trú á traustleik og ágæti munnmælanna, hins vegar, einkum í seinni tíð, afneitun þess möguleika, að munnmæli geti varðveitt nokkurt sögulegt efni í tvær til þrjár aldir. Rannsókn af því tagi, sem hér hefur verið reynt að gera á sannindum Hrafnkötlu, hlýtur að verða Gyðingum hneyksli og heiðingjum heimska: í augum trúmannanna ræktarlaus árás á það, sem skylt sé að verja og fóðra í lengstu lög, þar sem afneitendurnir undrast þá einfeldni að eyða orðum að því, sem fyrir fram megi vita, að sé uppspuni. En — úr því að hinir strangdæmu sagnfræðingar hafa ekki fært þau rök fyrir skoðunum sínum, að þau hafi getað útrýmt þeim draumkenndu hugmyndum um munnlegar sögur, sem enn eru ríkjandi hjá sumum ágætustu fræðimönnum, getur það varla talizt þarfleysa að ræða málið ræki-

1) Litt. hist. II, 206—7; leturbreytingin er mín.
2) Smaa kritiske breve, 11.

legar. Og þá er betra að fara í bráðina heldur feti of skammt en feti of langt í efasemdunum. Í formálum Fornritanna hefur til þessa verið tekið miklu meira tillit til hinna gömlu skoðana á sögunum, — skoðana almennings á Íslandi og þeirra fræðimanna, sem leggja megináherzlu á arfsagnirnar, — heldur en sjónarmiðs hinna „krítisku“ sagnfræðinga. Þetta er ekki nema eðlilegt. Vér, sem að þessum útgáfum stöndum, erum aldir upp í hinni eldri skoðun, málfræðingar og ritskýrendur, en ekki sagnfræðingar. Útgáfurnar eru fyrst og fremst gerðar handa íslenzkum almenningi og verða því að hafa hliðsjón af skoðunarhætti hans. Og í þessum anda er meginið af öllu því, sem fram að þessu hefur verið ritað um sögurnar. Samhenginu við allar þær rannsóknir var varhugavert að slíta. Afleiðingarnar af þessari íhaldssömu varúð hafa verið með tvennu móti: Útgefendur Fornritanna hafa enn sem komið er yfirleitt gert of mikið úr þætti munnmælanna í efni Íslendinga sagna og hinu sögulega gildi þeirra. Höfundum sagnanna hefur ekki verið eignað meira en minnst varð komizt af með. — Í öðru lagi hefur hlutfallslega verið allt of mikið af fornfræði í þessum útgáfum og önnur og frjórri viðfangsefni verið látin sitja á hakanum. En hinni gömlu fornfræði verður ekki útrýmt nema með annari skárri. Það er eins konar samveikislækning: similia similibus. Hér er á þessu stigi málsins um það að ræða að fá viðurkenndan réttinn til þess að beina athyglinni að hinum lifandi kjarna sagnanna, leysa þær úr álagaviðjum rótgróinna hleypidóma. Það má kalla þetta krókaleið. Eg lít á það sem millibilsástand í sögurannsóknunum, áfanga, sem varhugavert sé að hlaupa yfir. Krókur er stundum betri en kelda, og kemst, þó að seint fari. Önnur takmörk eru fram undan: að skipa fornsögunum á réttara stað í þroskaferli þjóðarinnar, — að gera sér sem ljósasta grein

fyrir, hvað þær eru í raun og veru, því að það verður eitt höfuðatriði í þekkingu Íslendinga á sjálfum sér og sögu sinni fyrr og síðar, — og síðast, en ekki sízt, að greina á milli ellibelgs sagnanna, hins dauða fróðleiks, og hinnar síungu sálar þeirra: snilldarinnar í stíl og frásagnarhætti, mannlýsinganna, mannvitsins, lífsskoðunarinnar, — að kenna mönnum að lesa þær með dýpra skilningi og sér til meira andlegs ávinnings. Þessum takmörkum verður ekki gleymt, þó að það verði hlutverk nýrra kynslóða að sækja á þær brattari leiðir, sem þangað liggja. Eftir því sem nákvæmari athuganir fleiri og fleiri Íslendinga sagna leiða myndun þeirra betur í ljós, má ganga djarflegar að verki. Þessi ritgerð hefur að sumu leyti notið þess að birtast á vettvangi, þar sem svigrúmið er frjálsara en í formálum Fornritanna. Samt ber hún þess ærin merki, hversu erfitt er að ganga umsvifalaust að mergi málsins, eins og skoðunum manna á sögunum enn er háttað. En hafi hún lagt nokkurn skerf til skilnings einnar lítillar sögu og í tilbót skýrt dálítið þá rannsóknastefnu, sem hún er mótuð af, er hún ekki til einskis samin.

AUSZUG.

Die Ereignisse, von denen die Saga von Hrafnkell dem Freysgoden (hier Hrafnkatla genannt) erzählt, sollen sich um die Mitte des 10. Jahrhunderts abgespielt haben. Die Saga soll nach den herrschenden Ansichten um 1200 geschrieben worden sein. Sie ist sehr übersichtlich und ohne Abschweifungen. Der Stil ist kraftvoll und urwüchsig, der ganze Stoff sieht nach Wirklichkeit aus und ist ohne Übertreibungen. Verschiedene Züge werden an Ortsnamen geknüpft, die anscheinend für die Glaubwürdigkeit der Saga zeugen, weshalb man die Saga zu den zuverlässigsten Isländersagas gezählt und als Quelle selbst über die Landnáma gestellt hat, so oft ein Unterschied zwischen beiden sich bemerkbar macht. Demnach wäre die Hrafnkatla ein wichtiges Beispiel der Festigkeit und Formvollendung der isländischen Überlieferung, da sie Erzählungen von rund 250 Jahre alten Geschehnissen aufbewahrt, die durch diese lange Zeit nur im Gedächtnis ohne Unterstützung von Skaldenstrophen oder schriftlichen Aufzeichnungen bewahrt worden wären. Wenn es daher möglich wäre, über den Stoff und die Entstehung der Saga zu sicheren Ergebnissen zu kommen, würde dies uns nicht allein in den Stand setzen, eine höchst beachtenswerte Saga zu verstehen, sondern auch für unsere Anschauungen vom Ursprung der Isländersagas von Bedeutung sein können.

Der historische Inhalt ist in dieser Beziehung von ausschlaggebender Wichtigkeit und für das Alter und die Festigkeit der Überlieferung entscheidend. Im Ganzen ist es recht schwer, die Wahrhaftigkeit der Isländersagas wegen Mangels an besseren Quellen zu kontrollieren. Für die Hrafnkatla ist es in dieser Hinsicht möglich, zu relativ sicheren Ergebnissen zu gelangen.

Der Hauptinhalt ist folgender: Sámr Bjarnason, ein Thingmann des Goden Hrafnkell, der seinen Vetter Einar getötet hat, stellt die übliche Forderung der Genugtuung wegen dieses Totschlages. Sámr wird von zwei Häuptlingen aus den Westfjorden, den Þjóstarsöhnen, unterstützt und erwirkt, dass Hrafnkell auf dem Allthing für schuldig erklärt wird, vertreibt ihn von seinem Hofe Aðalból und nimmt darauf Besitz von seinem Gut und

seiner Machtstellung. Hrafnkell errichtet einen neuen Hof, Hrafnkelsstaðir, in einer anderen Gegend (in Fljótsdalr), wird wieder ein mächtiger Mann, tötet zuerst Eyvindr, den Bruder von Sámr, und vertreibt darauf ihn selbst von Aðalból, wodurch seine Machtstellung noch grösser wird als je zuvor.

Wenn man die Quellen der Landnáma über die Verwandten der Þjóstarsöhne und über das Häuptlingssystem in den Westfjorden untersucht, erhellt zur Genüge, dass alles, was die Hrafnkatla über diese berichtet, erfunden ist. Sie können nicht aus den Westfjorden stammen und haben nie dort eine Godenmacht ausgeübt; sie werden nie in anderen Quellen erwähnt. Alles deutet darauf, dass sie niemals existiert haben.

Zum selben Ergebnis kommt man, wenn man den Aufenthalt von Hrafnkell auf Hrafnkelsstaðir und seine Machtstellung in Fljótsdalr, wie die Saga hiervon erzählt, untersucht. Wir besitzen genügend gute Quellen über die Landnahme in Fljótsdalr und über diejenigen Leute, die dort im 10. Jahrh. die Macht hatten, um behaupten zu können, dass dort kein Platz für Hrafnkell und seine neue Godenmacht war. Der Hof Hrafnkelsstaðir könnte nach seinem Sohnessohne Hrafnkell Þórisson benannt sein, der sich mit jener Familie verschwägerte, die über Fljótsdalr herrschte, keineswegs nach dem ältern Hrafnkell. Es ist auch absurd, wenn die Saga berichtet, dass Fljótsdalr um die Mitte des 10. Jahrhunderts zum grössten Teil noch unbesiedelt und der Volksstrom von Norwegen nach Island zu dieser Zeit am lebhaftesten war.

Wenn diese zwei Hauptpunkte der Saga, die Unterstützung Sáms durch die Þjóstarsöhne und der Aufenthalt von Hrafnkell auf Aðalból sich als Erfindung erweisen, liegt die Annahme nahe, dass die Nebenhandlungen auch erfunden seien. Vieles in der Saga erweist sich auch als unzuverlässig, wenn es mit älteren und besseren Quellen verglichen wird. Hrafnkell war nicht Hallfreðarson, sondern Hrafnsson, er hat nie auf Aðalból gewohnt, sondern auf Steinröðarstaðir u.s.w. Die Ortsnamen geben auch keine Stütze für die Wahrhaftigkeit der Saga. Einige sind allerdings älter als die Saga, die Erläuterungen der Saga von diesen sind aber unrichtig (Hrafnkelsstaðir, Hallfreðargata, Eyvindarfjöll). Einige sind jünger als die Saga und sind von Leuten, die die Saga kannten, lokalisiert worden, wo sie es am wahrscheinlichsten fanden (Einarsdys, Eyvindartorfa, Freyfaxahamarr, vielleicht auch Aðalból).

Die Frage erhebt sich dann, wie eine solche Saga entstanden ist, da sie nicht an Handlungen geknüpft ist, die sich in Wirklichkeit ereignet haben. Die Saga trägt keine Merkmale, dass

sie nach volkstümlichen Überlieferungen niedergeschrieben wurde. Sie enthält keine Hinweise auf mündliche Erzählungen oder Erzählungsvarianten und weicht, was Stoff und Wesen angeht, von denjenigen Sagas ab, von denen man Grund hat anzunehmen, dass sie auf volkstümlicher Tradition beruhen. Es ist höchst wahrscheinlich, dass der Verfasser die Landnáma gekannt und benutzt habe und von ihr bewusst abgewichen sei. Er dachte nicht daran, eine wahre Saga zu schreiben, sondern einen wirkungsvollen Roman. Das ist ihm auch gelungen. Die Komposition der Saga ist meisterhaft, der Zusammenhang der Ereignisse ebenso natürlich und folgerecht wie in einem guten Roman. Nur 8 Personen werden in der Saga geschildert, und diese Charakteristiken sind alle deutlich und durchdacht. In der Schilderung Hrafnkels wird die Entwickelung eines Charakters dargestellt, und in der Schilderung der Þjóstarsöhne tritt eine kühne und raffinierte psychologische Analyse zu Tage. All dies weicht von der volkstümlichen Erzählkunst ab. Der Verfasser ist für seine Zeit ein hochgebildeter Mann gewesen, im Besitz von grosser Phantasie und Menschenkenntnis. Er hat vieles von dem Besten gelesen, was in der isländischen Literatur vor ihm geschrieben war, und hat es verstanden, daraus Nutzen zu ziehen, ohne die Motive der älteren Schriften zu verwenden. Die Saga ist im besten Sinne national, unromantisch und realistisch. Die zielbewusste Darstellungskunst ist die Frucht einer literären Entwickelung und spiegelt nicht eine volkstümliche Erzählweise wieder. Dem Verfasser der Hrafnkatla ist es gelungen, jenen Gipfel der Erzählkunst zu erreichen: eine Illusion von Mündlichkeit zu geben, in reicherem Masse als diejenigen Verfasser, die sich mehr an die Tradition hielten. Keine Isländersaga ist leichter im Gedächtnis zu behalten und wiederzuerzählen.

Nach all dem, was wir sonst über die Entwickelung der isländischen Erzählkunst wissen, ist es am natürlichsten, die Niederschrift der Hrafnkatla zwischen 1250 und 1300, ja näher an 1300, zur ähnlichen Zeit wie die Njálssaga, zu setzen. Die ältere Datierung (um 1200) war niemals an irgendwelche annehmbare Argumente gebunden.

Das gewonnene Resultat über die Entstehung der Hrafnkatla lässt allerdings keine allgemeinen Schlussfolgerungen über andere Isländersagas zu. Jede Saga muss für sich untersucht werden. Man hat die Sagas überhaupt zu allgemein behandelt, hat sich Anschauungen von einzelnen Beispielen, die hier und da gesammelt wurden, gebildet, und hat darauf die Sagas nach diesen Anschauungen beurteilt und ist häufig im Kreise gegangen: die

Sagas enthalten einen bedeutenden Teil wahrhaftigen Stoff, ergo müssen sie aus Tradition entstanden sein, — und weil sie aus Tradition entstanden sind, jedenfalls die älteren, und die Verfasser nur das haben niederschreiben wollen, was sie für wahr und richtig hielten, enthalten die Sagas einen bedeutenden Teil historischen Stoff. Von dem gewonnenen Ergebnis der Hrafnkatla-Untersuchung lässt sich jedoch einiges lernen, was für die Untersuchungen der anderen Sagas nützlich sein kann:

1) Es zeigt sich, dass man jedenfalls in Bezug auf diese eine Saga allzu unkritisch und leichtgläubig war. Ist es dann nicht wahrscheinlich, dass man auch über andere Sagas von falschen Ausgangspunkten Unrichtiges gefolgert hat, und dass die allgemeinen Anschauungen, die man sich auf einer solchen Grundlage verschaffte, mit Schwächen behaftet sind?

2) Man hat gemeint, dass Hrafnkatla ein sehr deutliches und wahres Bild von der mündlichen isländischen Erzählkunst gebe, und sie zeigt sehr gut, wie eine mündliche Saga am besten hätte sein können. Kann dann nicht verschiedenes andere in den Isländersagas, was man als mündliche Erzählkunst betrachtet hat, auf dieselbe Weise entstanden sein, als schriftliche Erzählkunst auf der höchsten Entwickelungsstufe?

3) Man ist der Ansicht gewesen, dass man zwischen den klassischen Sagas und den Lügen-Sagas auf sehr einfache Weise hätte unterscheiden können: dass die erfundenen Sagas immer schlechte Romane waren, übertrieben, schablonenmässig in der Schilderung von Menschen und Ereignissen, unursprünglich, aus Motiven zusammengesetzt, die von überallher zusammengebettelt waren, aus Fornaldarsagas, übersetzten Romanen u.s.w. Mit anderen Worten, dass die Verfasser der klassischen Sagas nicht hätten Romane schreiben w o l l e n noch die Isländer diese mit Ausnahme von schlechten Romanen hätten schreiben k ö n n e n. Die Hrafnkatla ist in jeder Hinsicht eine klassische Isländersaga, wenn es überhaupt eine solche gibt, und damit ist die Bewährtheit von diesem Kriterium als überaus unsicher erwiesen. Der Verfasser einer klassischen Saga konnte sowohl die Lust als die Fähigkeit zum Fabulieren in hohem Grad besitzen, es war keine Notwendigkeit, dass er bei der Erdichtung einer Saga in Plattheit oder Plagiarismus verfallen musste. Wir dürfen bei den Unzuverlässigkeiten in den Sagas nicht nur mit einer abgeblassten und entstellten Tradition rechnen, sondern auch mit dem schöpferischen Willen und Genius der Verfasser. Man ist geneigt gewesen, den Einsatz der vermutlichen mündlichen Erzähler auf Kosten der grossen Schriftsteller gröblich zu übertreiben.

Und zum Schluss nur eine Warnung: in diesem kurzen Auszug ist kein Platz für eine Wiedergabe der Begründung gewesen. Wer nur den Auszug und nicht den kleinen Aufsatz selbst und die dazu gehörigen Quellen liest und prüft, kann über das Ergebnis nicht urteilen.